

Þjóðfræði

Október 2007

**Allar sögur eru réttar um mig,
ef þær eru góðar.
Sagnir af Ólafi Ketilssyni rútubílstjóra**

**Höfundur:
Jón Kristján Johnsen**

Leiðbeinandi: Valdimar Tr. Hafstein

Jón Kristján Johnsen
171056-7219

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Ágrip

Rannsókn þessi byggir á rúmlega þrjátíu sögnum af Ólafi Ketilssyni rútabílstjóra og þjóðsagnapersónu. Fjallað er um inntak sagnanna, hugmyndir og viðhorf sem í þeim birtast, heimildagildi sem í þeim felst, hvenær og hvernig þær urðu til og hvernig þeim var miðlað. Jafnframt því að rýna nokkuð í þá sagnahefð sem skapast hefur kringum Óla Ket, eins og hann var oft nefndur, er skoðað hvaða mynd viðtöl og sögurnar sem sagðar eru af Ólafi í viðtölunum draga upp af persónu hans og því samfélagi sem hann lifði og hrærðist í.

Heimildir ritgerðarinnar eru fyrst og fremst opin viðtöl við níu aðila og auk þess nokkrar ritaðar heimildir og upplýsingar af vefnum. Söfnun gagna í ritgerð þessa er samkvæmt eiginlegri rannsóknarhefð og greining og túlkun styðjast við þjóðfræðileg hugtök sem efni ritgerðarinnar tengist.

Sögur af Óla Ket hafa gengið vel yfir hálfu öld eða allt frá því um 1940 og ganga enn. Þær hafa flogið víða um bæi og sveitir og sumar jafnvel orðið landsfleygar. Sögurnar lýsa allflestar samskiptum Ólafs við aðra og sögusvið þessara sagna er aðallega uppsveitir Árnessýslu og Suðurland.

Sagnir þessar hafa margs konar heimildagildi varðandi samfélagið og þjóðlífið, þjóðfélagsbreytingar, atvinnuhætti, staðhætti, samgöngur, vegamál, umferð, ferðamáta, skopskyn Ólafs og almennings, um fólkið sem kom við sögu og bar sögurnar, um Ólaf Ketilsson sjálfan og margt fleira. Hversu fleygar sögurnar urðu segir til um þann hljómgrunn sem þær fengu meðal fólksins, sérstaklega hvað þótti fyndið og tvírætt.

Þakkir

Ég þakka leiðbeinanda mínum Valdimar Tr. Hafstein fyrir góða handleiðslu við efnisöflun, efnistöð og smíð á ritgerð þessari.

Viðmælendum mínum í rannsókninni, þeim Bjarna Harðarsyni, Böðvari Magnússyni, Dóru Ingvarsdóttur, Einari Gíslasyni, Guðmundi Rafnari Valtýssyni, Hannesi Johnsen, Kjartani Helgasyni, Kristni Kristmundssyni og Stefaníu Ragnheiði Pálsdóttur þakka ég fyrir að veita mér viðtölin sem ritgerðin byggist á meðal annars og ýmsar tengdar upplýsingar að auki. Einnig fær venslafólk, kunningjar og samnemendur sem bentu mér á viðmælendur rannsóknarinnar þakkir fyrir góðar ábendingar.

Björn Pálsson, héraðsskjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnesinga, fær þakkir fyrir að lána myndir sem í ritgerðinni eru frá safninu.

Guðrún Pálsdóttir bókasafnsfræðingur fær þakkir fyrir aðstoð við heimildaleit og að lesa yfir próförk.

Loks þakka ég eiginkonu minni Sigrúnu Gunnarsdóttur fyrir aðstoð við vélritun, lestur prófarkar og góðar ábendingar varðandi stíl ritgerðarinnar og uppsetningu.

Efnisyfirlit

	Bls.
Ágrip	1
Þakkir	2
Efnisyfirlit	3
Myndaskrá	4
Töfluskrá	4
Formáli	5
1. Inngangur	6
2. Fyrri skrif og rannsóknir	10
3. Rannsóknaraðferð	13
4. Sagnir af Ólafi Ketilssyni	15
5. Vitnisburður sagnanna og umsagnir um þjóðsagnapersónuna	33
6. Niðurlag	40
Heimildaskrá	42
1. Viðauki – Listi yfir sögur sagðar í viðtölunum	44
2. Viðauki – Listi yfir umsagnir viðmælenda um Ólaf Ketilsson	45
3. Viðauki – Listi yfir sögur um Óla Ket sem hver viðmælandi sagði frá	46
4. Viðauki – Viðmælendur í eigindlegu rannsókninni	48
5. Viðauki – Sögurnar í viðtölunum	53

Myndaskrá

	Bls.
Mynd 1. Kápa ökuskírteinis Ólafs Ketilssonar. 7 Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árneseinga.	
Mynd 2. Innihald ökuskírteinis Ólafs Ketilssonar. 7 Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árneseinga.	
Mynd 3. Snjómokstur á Hellisheiði, Ólafur Ketilsson er þriðji frá vinstri. 23 Ljósmyndari Jón Kaldal. Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árneseinga.	
Mynd 4. Ólafur Ketilsson á þaki rútu með póstpoka. 35 Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árneseinga.	

Töfluskrá

Tafla 1. Ummæli tveggja viðmælenda almennt um Ólafssögurnar. 36	
---	--

Formáli

Ég er fæddur 1956 í Reykjavík og ólst upp til níu ára aldurs að Hverfisgötu 119, rétt við Hlemmtorg þar sem Hverfisgatan sameinast Laugaveginum. Ömmu átti ég og afa sem bjuggu skammt frá, að Þverholti 20. Á þessu svæði voru á þessum tíma allmargir stórir vinnustaðir, svo sem fyrirtækin Egill Vilhjálmsson, Sveinn Egilsson, Ísaga, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Málningarverksmiðjan Harpa, Vinnufatagerðin, Hampiðjan, Kexverksmiðjan Esja, Smjörlíkisgerðin og Ofnasmiðja Reykjavíkur, svo nokkrir séu nefndir. Vegalengd var örstutt milli æskuheimilis míns, heimilis ömmu og afa og vinnustaðanna á svæðinu og daglegt rölt milli allra þessara staða á færi drengsnáða.

Á þessum árum, frá 1956 til 1965, er ég bjó þarna nokkuð miðsvæðis í bænum, var Reykjavík lítið annað en allstórt sjávarþorp með um sjötfu þúsund íbúa¹. Takturinn í tilveru bæjarbúa var á þeim tíma miklu hægari og rólegri en gerist í dag. Um hádegisbil eins og hljóðnaði bærinn þegar flestir fóru til síns heima í mat. Vinnustaðir sáu jafnvel fólki fyrir heimkeyrslu í þeim tilgangi og matartími flestra gat teygst í eina og hálf klukkustund. Fyrir þá sem bjuggu í nágrenni við Hlemm var þessi þögn einkar skýr þar sem erill við þessa mörgu vinnustaði datt niður. Hugtakið streita var á þessum tíma óþekkt og fólk gaf sér meiri tíma til að tala um daginn og veginn. Sögur af þekktu sem óþekktu fólki voru gjarnan sagðar í kaffítímum á vinnustöðum eða þegar fólk hittist á förnum vegi. Við guttarnir í hverfinu vorum oft á ferli á áðurnefndum vinnustöðum. Lítt var amast við slíku í þá daga og mynduðum við oft áheyrindahópinn þegar sögur voru sagðar. Þarna heyrði ég fyrst sögur af Ólafi Ketilssyni rútubílstjóra og man að mér þótti hann æði mikill grallari og hló oft mjög að. Ég á ættir að rekja austur í Hrunamannahrepp og var þar í sveit á sumrum þegar ég stálpaðist. Þá sat maður oft í rútu hjá ekki ófrægari öikumanni en sjálfum Óla Ket. Fylgdist ég þá grannt með Ólafi ef ske kynni að maður yrði vitni að einhverju sögulegu. Sumar þessara rútuferða voru æði langar og lýjandi þar sem Ólafur keyrði afar hægt. Sem fullorðinn hef ég síðan annað slagið heyrt eða lesið sögur af Óla Ket og eftir að ég gerðist sjálfur atvinnubílstjóri (2000 til 2007) heyrði maður oftast slíkar sögur frá bílstjórum sem eldri voru í hettunni. Er ég fór að huga að vali efnis í BA ritgerð í þjóðfræði komu þessar sagnir af Óla Ket fyrst upp í hugann.

¹ Skv. upplýsingum á vef Hagstofu Íslands úr skýrslunni „Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889-1990“ voru íbúar Reykjavíkur árið 1960 72.407.

1. Inngangur

Aldamótakynslóðin var sú kynslóð fólks nefnd sem fæddist á Íslandi við upphaf tuttugustu aldar. Börn þessara tímamóta eru að öllum líkindum þeir Íslendingar sem á sinni ævi lifðu hvað mestar breytingar á gerð samfélagsins í sögu þessarar þjóðar. Þessar miklu og gagngeru breytingar á tímum aldamótakynslóðarinnar náðu til flestra ef ekki allra þátta þjóðfélagsins og segja má að einu gildi hvar borið er niður, alger bylting átti sér í raun stað á þessu tímabili. Einn angi þessarar byltingar átti sér stað í samgöngum, en á fyrstu áratugum 20. aldar færðist íslenska þjóðin frá því að hestar og tveir jafnfljótir væru hennar helstu samgöngutæki og inn í vélaöldina.


Einn þeirra manna sem tók virkan þátt í þessari samgöngubyltingu var Ólafur Ketilsson bílstjóri. Ólafur var fæddur í upphafi 20. aldar, nánar tiltekið þann 14. eða 15. ágúst árið 1903, að Álfsstöðum á Skeiðum í Árnessýslu. Varðandi vafa þann sem leikur á um nákvæman fæðingardag Ólafs segir í bók Guðmundar Daníelssonar um Ólaf Ketilsson, *Á miðjum vegi í mannsaldur*, að kirkjubækur segi Ólaf fæddan 14. ágúst en samkvæmt frásögn móður sé fæðingardagur Ólafs 15. ágúst.

Ólafur var næstelstur níu systkina sem upp komust og ólst upp að Álfsstöðum við almenn sveitastörf eins og önnur ungmenni þess tíma. Faðir Ólafs var heilsulaus og þurftu Ólafur og bræður hans að afla heimilinu tekna með vinnu utan búans um leið og aldur leyfði. Fyrstu launuðu vinnuna fékk Ólafur sem unglingur við sandgræðslu á nágrannajörð, Reykjum. Árið 1918 fór hann svo líka að vinna við skurðgröft og gerð flóðgarða við Skeiðaáveituna sem þá var ráðist í. Bændur og bændasynir á Skeiðunum unnu margir á þessum tíma við framkvæmd veitunnar í hjáverkum ásamt almennum bústörfum. Næstu árin vann Ólafur síðan áfram við gerð Skeiðaáveitunnar og jafnframt á búi foreldra sinna sem áður. Vorið 1925 réð Ólafur sig síðan í hásetapláss á togaranum Arinbirni hersi og á þeim togara var hann þrjár vertíðir. Laun á togurum voru þá töluvert hærri en þau laun sem daglaunamenn í landi fengu.

Í febrúarmánuði 1928 hafði Ólafi tekist að koma það vel undir sig fótunum fjárhagslega að hann gat keypt sinn fyrsta bíl. Sá bíll var vörubíll af tegundinni Chevrolet. Fljótlega eftir að Ólafur eignaðist þennan bíl keypti hann annan bíl til af gerðinni Ford og var eftir það aldrei með færri en tvo bíla í sinni bifreiðaútgærð eins og segir frá í kaflanum „Ólafur gerist ökuþór“ í bókinni *Á miðjum vegi í mannsaldur* (Guðmundur Daníelsson, 1988, bls. 43).



Mynd 1. Kápa ökuskírteinis Ólafs Ketilssonar.
Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga.



Mynd 2. Innihald ökuskírteinis Ólafs Ketilssonar.
Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Fyrstu árin í keyrslunni var Ólafur í vöruflutningum fyrir bændur og ýmis fyrirtæki á Suðurlandi. Fyrsta ferð Ólafs með vörur til Laugarvatns var í maí 1928 og var hann þá að flytja rör í vatnsleiðslu fyrir Héraðsskólann að Laugarvatni sem þá var í byggingu. Áætlunarferðirnar hófust svo hjá Ólafi um 1930 og þá flutti hann jöfnum höndum fólk og varning. Hann settist að á Laugarvatni árið 1932 og bjó þar í 54 ár. Ólafur fékk svonefnt sérleyfi til aksturs árið 1935, en sérleyfi nefnist leyfi sem veitt er til

reglubundinna fólksflutninga af Vegagerðinni og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.² Ólafur hafði sérleyfi þetta í 52 ár. Sérleyfisrekstur og akstur Ólafs í atvinnuskyni spannaði sem sagt vel hálfa öld og vann hann mestallan þann tíma sjálfur við starfsemi sína og var einnig með aðra bílstjóra í vinnu. Ólafur lenti að lokum í miklum deilum vegna sérleyfisins við bæði aðra rekstaraðila sem eftir því sóttust og yfirvöld sem voru treg til að framlengja sérleyfið honum til handa. Deilufurli þetta endaði með því að Ólafur varð bæði reiður og bitur og ákvað að flytja frá Laugarvatni í stað þess að eyða þar ævkvöldinu. Ólafur náði háum aldri og lést hátt á tíræðisaldri árið 1999.

Í ritgerð þessari er byggt á viðtölum sem höfundur hennar tók við nýu viðmælendur vorið 2007 í þeim tilgangi að spyrja um, heyra og hljóðrita sögur sem gengið hafa um Ólaf Ketilsson rútbílstjóra og þjóðsagnapersónu. Fljótlega eftir að ég byrjaði að safna sögnum um Ólaf Ketilsson og taka viðtöl við fólk í því skyni varð ljóst að sögurnar einar yrðu vart nóg efni því þær eru jafnan stuttar og auk þess kunnu fáir viðmælenda mjög margar sögur. Því ákvað ég að víkka út rannsóknina og spyrja þá sem þekktu manninn Ólaf Ketilsson um hann, hvernig maðurinn kom þeim fyrir sjónir og hvaða álit þeir höfðu á honum og hvern mann hann hafði að geyma að þeirra mati.

Tengsl viðmælenda minna við Ólaf Ketilsson eða sagnirnar um hann voru þau að tveir þeirra, kennari og íslenskufræðingur, voru skólastjórar til langs tíma á Laugarvatni, annar við grunnskólann og hinn við menntaskólann. Báðir eru þessir menn Sunnlendingar, annar uppallinn í Hrunamannahreppi og hinn í Laugardal. Tveir viðmælenda minna eru fyrrum bifreiðarstjórar sem báðir unnu við akstur hjá Ólafi Ketilssyni um tíma. Einn viðmælandi er þjóðfræðinemi og alþingismaður og auk þess útgefandi fréttablaðsins *Sunnlenska*. Hann er Sunnlendingur og uppallinn í Biskupstungum og var nemandi á Laugarvatni í mörg ár. Einn viðmælandi er bóndi, fæddur og uppallinn rétt við Laugarvatn, og hefur hann búið þar allan sinn aldur. Þrír viðmælenda tengjast Suðurlandi heldur minna, eru ættaðir þaðan eða hafa dvalið þar eða unnið um skemmri tíma.

² Til útskýringar á því hvað sérleyfi er þá segir m.a. í núgildandi lögum 528/2002 um fólksflutninga á landi að Vegagerðin hafi umsjón með skipulagi almenningsgangna með bifreiðum og geti takmarkað fjölda aðila í reglubundnum fólksflutningum á einstökum leiðum með því að veita sérleyfi á þeim leiðum. Öðrum en sérleyfishafa er óheimilt að stunda reglubundna fólksflutninga á sérleyfisleið. Við veitingu sérleyfis skal gerður sérstakur þjónustusamningur þar sem þau skilyrði koma fram sem Vegagerðin setur, svo sem um ferðatíðni, ferðaleiðir, viðkomustaði, leyfilegar bifreiðar, umhverfisstuðla, gildistíma, uppsögn og greiðslu.

Reynt er hér að rýna nokkuð í þær sögur sem sagðar hafa verið af Óla Ket. Fjallað er um inntak sagnanna, hugmyndir og viðhorf sem í þeim birtast, hvenær og hvernig þær urðu til, hvernig þeim var miðlað og hvaða áhrif þær hugsanlega höfðu. Einnig er leitast við að skoða hvaða mynd viðtölin og sögurnar, sem sagðar eru af Ólafi í viðtölunum, gefa af þjóðsagnapersónunni Ólafi sem og því samfélagi sem hann lifði og hrærðist í. Með því að skoða þann vitnisburð sem sögurnar gefa Ólafi verður reynt að bera þá mynd saman við lýsingar þær sem þeir viðmælenda sem þekktu Ólaf persónulega gefa af honum.

Í ritgerðinni er notast jöfnum höndum við orðin sögn, saga og frásögn um sagnirnar um Óla Ket til þess að auka fjölbreytileika textans.

2. Fyrri skrif og rannsóknir

Páll Lýðsson bóndi og sagnfræðingur og vinur Ólafs Ketilssonar til áratuga tók heimildaviðtal við Ólaf vorið 1993 og ritaði grein þar um. Grein Páls nefnist „Einn vegur í austur - og annar í vestur“ og birtist í *Árnesingi*, tímariti Sögufélags Árnesinga, árið 2006.

Í greininni nefnir Páll að sögur hafi verið farnar að myndast um Ólaf síðustu árin fyrir seinni heimsstyrjöldina og að sjálfur hafi hann á barnsaldri lesið í tímaritinu *Vikunni* árið 1940 söguna um beljuna sem var að taka fram úr bíl Ólafs. Í formála greinar sinnar getur Páll um ótrúlega atorku Ólafs við akstur við mjög erfiðar aðstæður og ótrúlega snilld hans í kaldhæðnum tilsvörum á réttum tímapiunktum. Páll segir þarna að þeir Ólafur hafi verið vinir til áratuga og segir Ólaf hafa verið gull af manni undir hrjúfu yfirborði og frábæran sagnamann. Að sögn Páls fóru margar sögur af orðsnilld Ólafs í héraðinu og skráðu ýmsir eitthvað niður af því sem gekk um Ólaf.

Páll segist hafa sótt Ólaf heim og spurt: „Hvað er rétt af þessum sögum af þér Ólafur, eða hvernig viltu að þær séu?“ og að Ólafur hafi svarað: „Allar sögur eru réttar um mig, ef þær eru góðar.“ Hittust þeir Páll og Ólafur svo í Kópavogi 6. mars 1993 til að ræða þetta frekar. Talaði þá Páll við hann um sögurnar, auk þess sem hann segir Ólaf hafa haft þörf fyrir að segja einnig eitthvað um vegamál og lífsbaráttu sína. Heimildaviðtal þetta segist Páll síðan hafa fullunnið nokkru seinna, eða í júní 1993.

Grein Páls byggist á þessu viðtali og segir þar frá nokkrum sögum og frá málefnum og atburðum og eru fyrisagnir kaflanna í heimildaviðtali þessar: „Einn vegur í austur – og annar í vestur“; „Glíman við Þrengslaveginn“; „Snjópokinn á Hellisheiði“; „Þeir fóru að moka eftir að sjónvarpsfregnirnar komu“; „Laugardalsvegurinn – tveir kílómetrar á ári“; „Taktu þennan poka, Jónas, hér eru allir að vinna“; „Ég bauðst til að klára Laugardalsveginn“; „Stebbi ferðamannatúlkur“; „Vegurinn að Geysi byggður fyrir hrútstoll“; „Þverslárnar á Tungufljótsbrúnni sem ekki mátti hækka“; „Það er belja að fara fram úr þér“; „Björn Blöndal alþingismaður kærir Ólaf“; „Líkkista á brúsapalli“; „Ég þéraði nú Geir einu sinni“; „Vegamálastjóranum kembt aftur“; „Einn vegur í austur – annar í vestur“; „Ljósastaurarnir hafa tekið mörg mannlíf“.

Aftan við þessa grein Páls er viðauki sem fjallar um ökukennslu Ólafs eftir frásögn fjölskyldu Ólafs. Í viðaukanum segir að Ólafur hafi haft þrjú boðorð til nemenda sinna: „Í fyrsta lagi að aka hægt, í öðru lagi að aka hægt, í þriðja lagi að aka hægt.“ Þarna segir líka að Ólafur hafi einnig lagt áherslu á að aksturslag væri mjúkt

þannig að farþegar ættu þægilega ferð. Enn fremur er þarna sagt frá því að hann hafi verið á undan sínum samtíma varðandi sparakstur og lagði áherslu á að vel væri farið með bifreiðar og að vélin væri notuð til að draga úr ferð með því að skipta niður áður en hemlað væri. Þess er getið í viðauka þessum að margar sögur séu til af ökukennslu Ólafs Ketilssonar.

Loftur Guðmundsson skráði þætti af nokkrum helstu öræfabílstjórum á Íslandi í bók sem ber nafnið *Hálendið heillar* og var gefin út árið 1985. Í einum þætti bókarinnar, „Á sólskinssumri“, segir Ólafur Ketilsson frá. Hann talar um uppvöxt sinn og fyrstu störf og þegar hann keypti síðan bíl og gerðist bílstjóri. Ólafur segir í þætti þessum frá bílstjóraferli sínum og helstu verkefnum, fjallar um bifreiðar og notkun þeirra almennt, um vegamál og Vegagerðina. Hann deilir þarna mjög á verkfræðinga, sem honum finnast fáfróðir um bæði veður og eðlisfræði. Ólafur minnst lítillaga á yfirskilvitlega hluti í þættinum, segist haldinn draugatrú og að draugur hafi eitt sinn molað perlurúðu í bíl sínum.

Ólafur segir í bókarþættinum um sjálfan sig: „Sjálfur hef ég smám saman orðið nokkuð umtalaður, og – að vissu leyti umdeildur. Það orð hefur lagst á að ég ætti það til að vera snöggur upp á lagið, málhvatur og næstum óþægilega hreinskilinn hver sem í hlut ætti; ekki hvað síst ef það væru höfðingjar. Slíkt er að sjálfsgöðu talið ókurteisi yfirleitt, en dónaskapur af þeim sem fyrir því verða.“ Hann segir þarna einnig nokkuð frá sjálfum sér sem persónu, segir að enga menntun hafi hann hlotið en reynslan hafi um margt gefið sér staðbetri þekkingu en skólar veiti. Ólafur segir þarna frá því er hann var sviptur ökuréttindum eða þau takmörkuð árið 1969 eftir að hafa verið í akstri allt frá 1928 og aldrei orðið neitt markvert á. Hann segir frá því að hann leitaði til dómismálaráðherra í framhaldinu þar sem hann taldi þarna á sér brotið og hvernig hann fékk bílprófið að nýju

Í þættinum kemur Ólafur inn á sögurnar sem hann segir hafa gengið um sig og segir: „Sögur hafa gengið víða af tiltektum mínum og tilsvörum, oft dálítið meinlegum, en ekki er þar neinu teljandi á mig logið, svo ég viti til. Þessi viðbrögð mín koma af sjálfu sér, ég er svona, og hef raunar aldrei hirt um að breyta því.“ Hann segist enn fremur oft hafa brosað við er hann fékk spurningar um hvort rétt væri eftir honum haft, segir orsök þess sem sagt var í hálfkæringi horfna sér og setningu sína hafa fengið sjálfstætt líf. Segist hafa sagt ótalmargt slíkt og: „Sumum þykir þetta eða hitt fyndið, aðrir sjá í því einhvern sannleika, og svo er nú það. Sumt geymist um skeið, annað gleymist strax.“

Guðmundur Daníelsson kennari og rithöfundur samdi bók um Ólaf Ketilsson, *Á miðjum vegi í mannsaldur – Ólafs saga Ketilssonar*, sem gefin var út árið 1988. Í upphafi bókarinnar segi hann frá æskuumhverfi Ólafs, Skeiðunum, eins og þau voru fyrir tíð Ólafs og rekur síðan æviferil Ólafs gegnum bókina í bland við sagnirnar sem um Ólaf gengu og segir frá þjóðsagnapersónunni sjálfri, ævistarfinu, hugðarefnum og baráttumálum. Aftast í bók þessari eftir Guðmund er eftirmáli eftir Ólaf Ketilsson sjálfan.

Af erlendum rannsóknum og skrifum um svipað efni, þ.e rannsóknir á staðbundnum sögnum um þjóðkunna menn eða athyglisverða og sérstaka karaktera, skal hér getið um tvær slíkar, sem hafðar voru til hliðsjónar við smíð þessarar ritgerðar.

Rannsóknir norska þjóðfræðingsins Bjarne Hødne, sem bók hans *Personalhistoriske Sagn: En Studie i Kildeverdi* og doktorsritgerð byggist á, fjalla um líf og lifnaðarhætti einstaklinga og heimildagildi viðkomandi sagna. Rannsókn Hodne, sem grundvallast á 19 ólíkum sögnum með tilbrigðum, snýst aðallega um sagnahefð sem lýtur að drápum og vígaferlum. Þar sem góðar upplýsingar varðandi slíka atburði er að finna í réttarbókum gat hann borið saman sagnahefð við þær sagnfræðilegu upplýsingar. Niðurstaða Hodne er sú að sagnaefnið hafi takmarkað og afleitt gildi til skilnings á raunverulegri atburðarás, en hafi aftur á móti mikið heimildagildi varðandi hvernig samfélagið upplifði persónur, skilyrði og atburði. Niðurstöður Hodne hafa lagt nýtsamlegan grunn að menningarsögulegum rannsóknum sagnaefnis.

Bandaríski þjóðfræðingurinn James P. Leary fjallar í óbirtri ritgerð sinni, „New Legends in Nordic America: The Case of Big Erick Erickson“ (væntanleg í *Arv* 2008), um sænskan innflytjanda sem flutti til Bandaríkjanna 1901 tæplega tvítugur að aldri og varð síðar atvinnurekandi í Michigan og þjóðsagnapersóna þar um slóðir. Erick lést 1954 og segir Leary að þjóðsögnin um hann hafi orðið til síðustu tuttugu æviár hans. Segist Leary hafa fundið um 50 sögur um Erick með um 17 tilbrigðum úr bæði útgefnu efni og útvarpsefni, úr bréfum og með viðtölum. Leary segir líf Ericks og sagnirnar af honum aðeins skiljast í ljósi bæði norrænnar og bandarískrar sagnahefðar og segir sagnir þessar marka tímamót í sagnahefð norræns hluta Ameríku.

3. Rannsóknaraðferð

Í upphafi verks taldi ég að söfnun á sögnum af Óla Ket yrði fremur auðveld viðfangs þar sem fjölmargir kannast við sögur af Ólafi sem gengið hafa undanfarna áratugi og sumar jafnvel orðið landsfleygar. Því áleit ég að ekki tæki langan tíma að finna viðmælendur og taka upp viðtöl, hélt að meginvinnan myndi felast í skrásetningu viðtalanna, að ritvinna þau yfir á tölvutækt form. Skrásetningin reyndist jú mikil vinna, en að finna viðmælendur og koma á viðtali var síst minna verk og mjög tímafrekt. Mjög margir af þeim sem ég hafði samband við og falaðist eftir viðtali hjá könnuðust við að hafa heyrt sögur af Ólafi, en minna fór fyrir að þeir gætu munað hvaða sögur, hvað þá að geta haft þær eftir og það inn á upptökutæki.

Flestir þeirra sem ég reyndi að fá viðtal við eða fékk viðtal við tengdust Laugarvatni og ef ekki beinlínis Laugarvatni þá Suðurlandi, þar sem ég taldi best að byrja á þeim sem tengdust viðkomandi svæði eða tengdust Ólafi sjálfum með einhverjum hætti í gegnum vinnu eða fjölskyldu eða áttu við hann vinatengsl. Hafist var handa við að spyrja eigin fjölskyldu, ættingja, vini, kunningja og samnemendur í þjóðfræðinni um hvort þeir þekktu til einhverra aðila sem gætu haft sögur að segja um Ólaf Ketilsson. Nokkuð seinlega gekk að finna fólk til að falast eftir viðtölum hjá því og nokkur bið varð svo líka eftir sumum viðtölunum. Einnig urðu endurtekin forföll tveggja aðila sem búið var að fá jáyrði frá um viðtal.

Í hópi samnemenda minna í þjóðfræðinni eru tveir sem höfðu sögu eða sögur að segja af Óla Ket, þau Bjarni Harðarson og Dóra Ingvarsdóttir. Dóra benti síðan á viðmælendurna Einar Gíslason og Böðvar Magnússon, sem báðir eru fyrrverandi bifreiðarstjórar og störfuðu hjá Ólafi Ketilssyni. Móðir mín benti á Stefaníu Ragnheiði Pálsdóttur leikkonu sem viðmælanda. Eiginkona mín hafði upp á frænda sínum að Haga í Grímsnesi, Kjartani Helgasyni bónda, og Kjartan benti síðan á Guðmund Rafnar Valtýsson fyrrverandi skólastjóra Grunnskólans að Laugarvatni. Eiginkonan fékk einnig ábendingu um Kristín Kristmundsson, fyrrum skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, sem er faðir vinnufélaga hennar.

Í upphafi hvers viðtals spjallaði ég nokkra stund við viðmælanda um daginn og veginn til að mynda þægilegt andrúmsloft og ná góðu sambandi. Áður en sjálf upptaka viðtalsins hófst var viðkomandi veitt nokkur innsýn í söfnun þjóðfræða, útskýrt hvaða verkefni væri verið að vinna, hvernig það gengi fyrir sig og hvaða spurningum væri verið að leita svara við. Sagði ég viðmælanda einnig að ég myndi reyna að segja sem

allra minnst meðan á upptöku stæði og trufla þannig frásögnina sem minnst. Sú spurning sem ég lagði upp með í byrjun var að fá fram þær sagnir sem viðkomandi kynni af Óla Ket. Að sögunum sögðum spurði ég þá sem hann þekktu um sjálfan manninn Ólaf Ketilsson, hvern mann hann hefði haft að geyma að þeirra mati. Meðan á upptöku stóð hripaði ég niður í minnisbók stað, dagsetningu og tíma og helstu atriði sem viðmælandi sagði frá.

Viðtölin voru tekin upp á Sony Minidisc upptökutæki. Í fyrstu var reynt að nota hugbúnaðinn Express Scribe til þess að hlusta á upptökurnar, en hann reyndist ekki vel að því leyti að hljóðið skilaði sér að langmestu leyti of lágt. Allt of langan tíma tók að spila viðtölin aftur og aftur með þessum hætti, leggja við hlustir og reyna að heyra hvað sagt var á ógreinilegum köflum. Eftir að hafa leitað talsvert á vefnum tókst mér að finna annan og mun betri hugbúnað til að nota við hljóðvinnsluna, Adobe Audition, sem notaður er af atvinnufólki sem ritar af hljóðupptökum. Í Adobe Audition kerfinu heyrðist sum sé mun betur, auk þess sem það býr yfir mörgum notkunarmöguleikum og notaði ég það við að hlusta á upptökur viðtalanna og rita þau á tölvutækt form (Word). Þess má líka geta að í Adobe kerfinu komu fram nokkrir viðtalshlutar, sem Express Scribe kerfið virtist ekki taka inn. Nöfn á hljóðupptökunum í Adobe Audition kerfinu byrja á raðnúmeri sem kerfið gefur, síðan kemur dagsetning sú þegar upptaka var tekin af diskum upptökutækisins og sett inn í kerfið, og svo eitthvert bunkanúmer og loks endingin .wav sem kerfið gefur. Viðtölin skiptust sum niður í upptökuhluta í hljóðvinnslukerfinu, háð innri vinnslu Adobe kerfisins á hverri upptöku. Í rituðu skjölunum má lesa viðtölin eins og þau voru sögð af munni fram, merktar eru inn ræskingar, aukahljóð, hvert humm og ha eins og vinnureglur segja til um, og einnig merktar inn mínútur sem líða, hvenær ein mínúta er liðin, tvær mínútur o.s.frv. Í rituðu skjölunum sem unnin eru upp úr upptökum viðtalanna og fylgja hljóðupptökum þeirra, er efnisyfirlit og auk þess orðaskrá viðtals í lok hvers skjals. Viðtölin ásamt skjölunum eru varðveitt á Árnastofnun

4. Sagnir af Ólafi Ketilssyni

„Allar sögur eru réttar um mig, ef þær eru góðar“ var svar Ólafs Ketilssonar er Páll Lýðsson innti hann eftir því í heimildaviðtali hvort sögurnar um hann væru réttar. Böðvar Magnússon, fyrrum bílstjóri hjá Ólafi, tekur undir þetta í viðtali og segir Ólaf hafa haft mjög gaman af að heyra sögurnar um sig sagðar og að hann hafi aðspurður alltaf sagt að sögurnar um sig væru sannar.

Fjölmargar sögur hafa verið sagðar af Óla Ket í gegnum tíðina. Sögurnar voru byrjaðar að myndast á fjórða tug tuttugustu aldar og hafa því gengið vel yfir hálfu öld. Varðandi fjölda þeirra sagna sem um Óla Ket gengu, þá kom fram í fyrirlestri sem Ólafur Elfar Sigurðsson, dóttursonur Ólafs (sonur Elfu Ólafsdóttur), flutti í Menntaskólanum að Laugarvatni þann 12. október 2006, að hann er búinn að safna saman um eitt hundrað sögum af afa sínum Ólafi Ketilssyni. Kvöld þetta, 12. október 2006, var hið fyrsta í tiltekinni fyrirlestraröð Sögufélags Árnesinga og var það tileinkað Óla Ket.

Varðandi það samfélagslega og menningarlega umhverfi sem sagnirnar urðu til í þá var félagslegt hlutverk áætlunarbílstjóra í sveitum mikilvægt á þeim tíma þegar Óli Ket var að keyra. Áætlunarferðirnar og bílstjórarnir voru hluti félagslegs öryggisnets þess tíma. Bílaeign var þá ekki almenn og vegir fremur lélegir miðað við það sem gengur og gerist nú. Fólk á sérleyfissvæði Ólafs var mikið upp á hans starfsemi komið með mestallan flutning. Ef fólk vildi ferðast þá kom yfirleitt aðeins rúta sérleyfishafans til greina og eins ef fólk vildi senda pakka eða láta senda sér, þá var einna helst sent með rútnuni. Eflaust má fullyrða að Ólafur hafi kynnst flestum ef ekki öllum sem bjuggu á hans sérleyfissvæði persónulega, átt suma sem viðmælendur og kunningja og aðra sem góða vini og málfélaga á löngum leiðum. Bílstjóri á langferðabíl hefur sennilega viljað félagsskap farþega sinna á stundum og einnig þurft að brynja sig gagnvart þeim til að hafa vinnufrið. Orðheppni eða hnyttni Ólafs hefur vísast bæði verið hans krydd í tilveruna sem og brynja til þess að verjast ágangi og jafnvel árekstrum við förunautana.

Sögurnar sem sagðar eru af Ólafi lýsa flestar ef ekki allar samskiptum hans við annað fólk. Þær segja af samskiptum Ólafs við farþega og samstarfsmenn, sveitunga, verkfræðinga, stjórnámamenn og ráðamenn, við þá sem Ólafur áleit vera heldri menn, og við annað það fólk sem á vegi hans varð. Samskipti þau, sem sögurnar fjalla um, áttu sér gjarnan stað þegar Ólafur var að störfum við fólksflutninga sína eða vöruflutninga,

við að hlaða og afhlaða langferðabílana, eða á mannamótum og málefnafundum. Sögusvið þessara sagna má segja að sé fyrst og fremst uppsveitir Árnassýslu og Suðurland og þá helst svæðið sem leiðin frá Laugarvatni til Reykjavíkur spannar. Hinar reglubundnu áætlunarferðir hafa vafalítið átt þátt í hversu sögunar breiddust út, þar sem Ólafur var í svo miklu návígi við almenning, var mjög mikið á ferðinni og kom víða við í Suðurlandsfjórðungnum.

Varðandi nöfn á sögunum þá var reynt að halda sig við þau nöfn sem viðmælendur notuðu og voru þau talsvert stöðluð og ef svo var ekki þá reyndi ég að gefa sögunum lýsandi nafn. Oft er nafn sögunnar fleyg setning úr viðkomandi sögu, til dæmis „Átt þú veginn?“.

Viðmælendur mínir voru fáir og því varla hægt að draga ályktun af þessu litla úrtaki varðandi hverjar af Ólafssögunum hafa orðið fleygastar, en svo virðist í fljótu bragði sem þær sem innihalda gálghúmor eða eru eilítið klúrar séu einna oftast sagðar. Nokkrir viðmælenda minna tjá sig um sögunar um Ólaf, koma inn á sannleiksgildi þeirra, við hvaða tækifæri þær voru sagðar og hvernig Ólafur brást við sögunum um sig. Dæmi um slíkar umsagnir þeirra um sögunar eru: „Ólafur ýtti undir sögusagnirnar...“; „...fleygar við ýmis tækifæri“; „...hæfðu nánast hvaða selskap sem var“; „...sagðar til skemmtunar“; „...skoplegri ef maður þekkti Ólaf“. Listi yfir umsagnir viðmælenda minna um Ólafssögunar er í fylgiskjali.

Sagnirnar af Óla Ket eru ýmist reynslusagnir (memorat), þ.e. viðkomandi varð vitni að því þegar sögnin varð til, eða sögusagnir (fabulat), þ.e. viðkomandi hefur heyrt sögnina frá öðrum. Flestar þeirra falla undir það síðarnefnda. Þessir tveir þjóðfræðilegu sagnaflokkar voru skilgreindir af þjóðfræðingnum Carl Wilhelm von Sydow (1878-1952). Segja má að flestar ef ekki allar sagnirnar af Ólafi séu einnig skemmtisagnir (anecdote) sem fólk sagði öðrum til gamans. Eflaust er ekki hægt að sannreyna margar af sögusögnunum og líklegt að einhverjar þeirra hafi verið skáldaðar og hermdar upp á hrjúfan og sérstakan persónuleika Ólafs. Í einni sögunni er beinlínis hent gaman að flámælgí Ólafs, en svokölluð flámælgí var útbreidd á Suðurlandi á þeim tíma er Ólafur var að alast upp. Sagan um bæjarnafnið Bitru er um leið skýringarsögn eða nánar tiltekið örnefnasögn. Hér á eftir verður fjallað um allmargar af Ólafssögunum sem sagðar voru í viðtölunum og að hluta til í röð eftir því hversu oft þær eru sagðar en einnig ræður efni þeirra röðinni. Frásögn sagnanna er flokkuð eftir tegund í reynslusagnir, sögusagnir og skemmtisagnir, sem flestar þeirra falla undir, og einnig er reynt að flokka sagnirnar nokkuð eftir efni þeirra.

Í þessum viðtölum voru mér sagðar alls rúmlega þrjátíu Ólafssögur og eins og áður er nefnt var tæpur helmingur þeirra sagðar í fleiri en einu viðtali. Sú af þessum rúmlega þrjátíu sögum sem oftast er sögð er sagan „Líkkistan“, sem fimm viðmælendur segja. Einn í viðbót nefnir þá sögu en sleppir því að segja hana. Næstar í röðinni varðandi hversu oft sögurnar eru sagðar eru „Ríðandi til Reykjavíkur“ og sagan „Kýr að fara fram úr þér“ sem fjórir viðmælenda segja. Sögurnar „Aka hægt, aka hægt og aka hægt“, „Verkfræðingar pissa upp í vindinn“ og „Snjópoki til Vegagerðarinnar“ eru sagðar af þrem viðmælendanna. Sögurnar „Allir út að pissa“, „Geirsbeygjur“, „Jónas Jónsson ráðherra“, „Þú áttir aldrei af Kleppi að fara“, „Ólafur og járnkarlinn við Flóaáveitu“, „Það er eftir að leggja veginn til baka“, „Átt þú veginn?“, „Ólafur lagði sjálfur veg“ og „Snæri bundið“ eru hver og ein sagðar af tveimur viðmælendanna. Listi yfir allar sögurnar sem mér voru sagðar af viðmælendum mínum er í fylgiskjali.

Sagan „Líkkistan“ er fimm sinnum sögð í viðtölunum í jafnmörgum myndum og er í öll skiptin sögð sem sögusögn, þ.e. viðmælendur hafa hana eftir öðrum. Segja má að hún sé heimild um ýmislegt í þjóðlífi þess tíma, til dæmis um bón deyjandi manns, um líkflutninga, um viðhorf til virðingar sem sýna skyldi látnum. Sagan er einnig heimild um samgöngur, um starf áætlunarbílstjórans, um rekstur sérleyfishafans, sem stundaði vinnu sína í návígi við kunnann, og sýnir hvað hnyttni getur verið gagnleg og jafnvel nauðsynleg í slíku starfi. Þegar menn fara að finna að því við Ólaf að skilja kistuna eftir svona á víðavangi, þá lokar hann þeirri umræðu með hnyttinni setningu og sparar sér þannig útskýringar og málalengingar. Sagan sýnir einnig vel gálgahúmor Ólafs, sem hann brá hér fyrir sig er hann var gagnrýndur fyrir virðingarleysi gagnvart líki í kistu. Hve gráglettni Ólafs í þessu samhengi verður fleyg gefur vísbendingu um hvers konar kaldhæðni náði vel eyrum samfélags þess tíma er sagan varð til og gekk sem mest.

Sá viðmælandi sem næst stendur sögusviði „Líkkistunnar“ tengist náið starfsvettvanginum þar sem sagan gerðist þar sem hann var starfsmaður hjá Ólafi og er hans frásögn lengsta tilbrigði sögunnar í viðtölunum:

... Alli Köttur, þeir voru, já alveg rétt. Þannig var að hann var frá Minnib, frá B, frá herna, frááá [ee] Bj, Bjarg, þessi karl, Bjargi í Grímsnesi, og hann er tvö sumur með Ólafi, fer til læknis og hann segir: „Ef ég hrekk upp af, þá ee verður þú að keyra mig til baka, og enginn annar.“ Svo deyr karlinn fyrir sunnan og [kemur að því], og Ólafur fer að taka kistuna austur, og Ólafur var nú svona, já, já og segir: „Allt í lagi með það.“ [ee] en ég held að þetta hafi verið köttur, ég er nú ekki alveg viss, [ee] gekk undir því nafni, að hann var á annarri rútu þarna og líka á leiðinni austur og það var pláss hjá honum fyrir kistuna, en ekki hjá Ólafi og herna og Alla þótti nú þetta ekki sniðugt og sagði: „Sko, þú varst búinn að lofa

honum að keyra hann heim.“ „Já, það, það breytir engu“ [hermir eftir] sagði Ólafur. En svo er, verð ég langt á undan þér kannski, því að þa, þarna austur, segir þá Alli. „Ja, það er allt í lagi, settu hann þá bara á brúsapallinn, ég tek hann þá og keyri hann síðasta spottann.“ „Já, en er það ekki óviðeigandi“ segir Ólafur [hér hefur viðmælandi eflaust ætlað að segja Alli]. „Ekki hleypur hann.“ [hermir eftir]. (Einar Gíslason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 6. mars 2007))

Annar viðmælandi sem segir sögu þessa er sveitungi Ólafs, sem sagt einstaklingur sem lifir og hrærist í sögu sviðinu í áratugi, og er hans frásögn stysta tilbrigði sögunnar í viðtölunum:

Allir þekkja nú, hafa nú heyrt söguna með líkkistuna, sem hann skildi eftir á brúsapallinum, sem hann flutti austur, það var fundið að því við hann, að að hann, [ee] ekki nógu svona mikil nærgætni að skilja lík af manni eftir, þó í kistu væri, á brúsapalli. En Ólafur sagði: „O, ætli hann hlaupi langt?“ (Kjartan Helgason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 13. apríl 2007))

Sá viðmælandi sem hefur mesta fjarlægð frá sögu sviðinu var sem strákur í sveit í Hreppunum og segir söguna svona:

... ég ætla að segja hérna [ee] endursegja sögu sem ég heyrði einu sinni á leiðinni upp í Árnessýslu og hún er um Ólaf Ketilsson og hún er sú að Ólafur Ketilsson var einhvern tímann á leiðinni þarna upp eftir með á rútu og var með lí, líkkistu í bílnum hjá sér, átti að koma henni á einhvern vissan sveitabæ sem ég vissi nú ekkert hver var, og segir ekkert meira af því, þarna og þegar að kemur að þeim bæ, þá tekur hann kistuna úr bílnum og setur hana á brúsapallinn fyrir utan. Nú, einhver farþegi í bílnum fer að skipta sér af þessu og segir við Ólaf: „Bíddu nú við, [ee] þú getur nú ekki skilið kistuna eftir þarna bara eins og hvert annað viðundur.“ Ja, þá segir Ólafur: „Það er ekki eins og hún fari langt.“ (Hannes Johnsen (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. mars 2007))

Allar fimm frásagnir sögu þessarar í viðtölunum eiga það sammerkt að lík eða látinn maður, líkkista eða kista, brúsapallur eða vegamót/afhendingarstaður kemur við sögu og að lokasetning Ólafs getur um hreyfingu í öllum tilvikunum – „Ekki hleypur hann.“ – „Og heldurðu að hann hlaupi?“ – „O, ætli hann hlaupi langt?“ – „Það er ekki eins og hún [kistan] fari langt.“ – „Hreyfði hún [kistan] sig?“ Í frásögn tveggja viðmælenda er Ólafur sagður hafa keyrt viðkomandi rútu sjálfur, en þrír viðmælenda segja hann hafa beðið annan bílstjóra fyrir kistuna.

Sagan „Ríðandi til Reykjavíkur“ er fjórum sinnum sögð í viðtölunum í jafnmörgum myndum og sögð sem sögusögn. Segja má að saga þessi sé heimild um fólksflutninga, kynhegðun unglunga á sínum tíma innan um annað fólk og sýni vel þá tvíræðu glettni sem einkennir margar af Ólafssögunum. Það hve saga þessi varð fleyg

vitnar um að það sem var eilítið klúrt snerti kímniááfu fólks á þeim tíma sem sagan varð til og hefur gengið í sögusögnum.

Einn viðmælenda, sem var skólastjóri á Laugarvatni og auk þess starfsmaður í íhlaupum hjá Ólafi um tíma og þannig nátengdur sögusviðinu, segir sögu þessa svona:

Svo var það einhvern tímann að Ólafur var að keyra skólafólk til Reykjavíkur og í aftursætinu var mjög ástfangið þar og, og Ólafur kíkti svona í baksýnispegilinn annað slagið og sá að það var mikið um að vera þarna í aftursætinu og lét það gott heita. Að þegar að, þegar komið er til Reykjavíkur, þá gefa þau sig fram við Ólaf þarna parið og segja: „Ólafur, við áttum eftir að borga farið.“ Þá sagði Ólafur: „Þið þurfið ekkert að borga. Ég hef aldrei vitað til þess að menn þyrftu að borga fyrir það að ríða til Reykjavíkur.“ (Guðmundur Rafnar Valtýsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. apríl 2007))

Aðrir tveir viðmælendur sem segja sögu þessa eru fyrrum starfsmenn hjá Ólafi, og auk þess segir fyrrum nemandi Menntaskólans að Laugarvatni söguna. Sá sem er fyrrverandi nemandi ML segir lengsta tilbrigði sögunnar, hinir þrír eru með heldur styttri og álíka langa frásögn. Allar fjórar frásagnir sögu þessarar í viðtölunum eiga það sammerkt að segja Ólaf hafa keyrt, að leiðin lá til Reykjavíkur eða í bæinn, að ungt þar fékk far og var í aftursætinu og Ólafur ýjar að kynlífsathöfn í öllum þessum tilbrigðum við sögnina og að hann hafi ekki viljað taka við fargjaldi. Tveir tilgreina að þar þetta hafi verið skólafólk og í þrem af sögunum er Ólafur sagður hafa fylgst með í baksýnispeglinum. Þrír viðmælenda segja strákinn hafa boðið borgun fyrir ferðina og ein segir parið hafa boðið borgun. Lokasetning Ólafs er nokkuð mismunandi í frásögnum viðmælendanna – „Þú skuldar mér ekkert venur, þið komuð ríðandi í bæinn.“ – „Ég er nú ekki vanur að taka gjald af þeim sem fara ríðandi til Reykjavíkur.“ – „Þetta kostar ekki neitt, þið komuð ríðandi í bæinn.“ – „Þið þurfið ekkert að borga. Ég hef aldrei vitað til þess að menn þyrftu að borga fyrir það að ríða til Reykjavíkur.“

Sagan „Kýr að fara fram úr þér“ er sögð af fjórum í viðtölunum sem sögusögn og í tveimur megingtilbrigðum og tilgreinir einn viðmælenda bæði tilbrigði sögunnar. Segja má að saga þessi sé heimild um fólksflutninga, vegamál og veginn í Kömbunum, aksturslag Ólafs og kímni þá sem hitti í mark á þessum tíma.

Tveir viðmælenda sem segja sögu þessa eru fyrrum starfsmenn hjá Ólafi, einn fyrrum nemandi ML og fjórði viðmælendinn með sögu þessa fyrrum skólameistari ML og eru frásagnir þeirra þessar:

Og [[ee]] og [[ee]] [marr í einhverju] einmitt mikið af þessum sögum um Ólaf tengjast þessu aksturslagi hans og og frægt er, fræg er, fræg er sagan

af, af því að [[ee]] að strákur situr aftarlega í rútunni og, og segir, kallar aftur í, í Ólaf af því að honum blöskrar hvað hann fer hægt: „Það er belja að fara fram úr þér Ólafur“ og, og Ólafur svarar að bragði: „Já, taktér, taktér far með henni vinur.“ (Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))

Það er nú kannski best að byrja á þessari sögu sem að allir hafa heyrt mörgum sinnum og oftast er sögð af Ólafi. Það er þegar hann var að fara upp Kambana, hérna gömlu Kambana sem voru mjög hlykkjóttir, að þá keyrði Ólafur náttúrulega mjög hægt upp Kambana. Og þó að hann keyrði nú hægt á þjóðvegum landsins, þá keyrði hann hvergi hægar en í Kömbum. Og svo var það einhvern tímann að hann var á leið upp Kambana, og þá, þá fer bíll fram úr og þá kallar einhver sem er aftarlega í rútunni: „Ólafur, það er bíll að fara, það er belja að fara fram úr þér.“ Og þá svaraði Ólafur um hæl: „Taktu þér far með henni.“ (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Og [ee] það var æfinlega þessi saga, sko, Kýrin er að fara fram úr þér og ... taktu þér far með henni. Þetta er saga sem hefur, búið er að vera að segja náttúrulega aa, aftur og aftur. (Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))

Nú, allir þekkja nú söguna um beljuna. Það eru tvær sö, tvær útgáfur af henni. Það er drengur sem, drengur sem að var í bílnum og honum þótti hægt ekið. Hann kallaði til Ólafs: „Heyrðu það er belja að fara fram úr þér Ólafur.“ „Hvoru megin?“ [hermir eftir], sagði sá gamli. Hin sagan segir „Taktér þá far með henni.“ [hermir eftir] (Einar Gíslason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 6. mars 2007))

Sagan „Aka hægt, aka hægt og aka hægt“ er sögð af þremur í viðtölunum auk þess sem einn viðmælandi segir aðra sögu sem gengur út á hægagang Ólafs við akstur, söguna „Er það í dag eða á morgun“. Segja má að sögur þessar séu á sama hátt og sagan um kúna, heimild um fólksflutninga, vegamál og aksturslag Ólafs og hvað fólki fannst fyndið á þessum tíma. Einn viðmælenda sem segir báðar þessar sögur, er fyrrum starfsmaður Ólafs í akstrinum og sagan „Aka hægt“ er í hans frásögn reynslusögn. Frásagnir sögunnar „Aka hægt“ eru að segja má mjög samhljóða hver annarri hjá viðmælendunum, sem kemur kannski til af því að þær fjalla um einfalt og þrítekið boðorð Ólafs sem hann var þekktur fyrir. Aðrir sem segja hér frá eru fyrrum nemandi ML og fyrrum skólameistari ML og eru frásagnirnar sögusagnir fyrir utan þá fyrstu, eins og að ofan greinir:

Ég, hérna, lærði á bíl hjá Ólafi Ketilssyni og þá lagði hann ríka áherslu á að, að nemendur lærðu þrjú boðorð, sem að alveg, fyrsta skilyrðið sem nýir ökumenn urðu að kunna, og fyrsta boðorðið er að keyra hægt, annað

boðorðið er að keyra hægt, þriðja boðorðið er að keyra hægt. Þannig að þetta var nú ekkert flóknara en þetta sko. Svo var það nú hérna, og það vita allir, allir sem þekktu Ólaf, að hann fór alla vega eftir þessum boðorðum. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Það er eitt af því sem haft er eftir honum er að boðorðin þrjú voru, voru að aka hægt og aka hægt og aka hægt. Þetta er líka vel þekkt, þekkt saga. (Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))

Ein af þessum Ólafs sögum er nú, [dæsir] sem ein, ein, ein, ein af [ee] svona þe, þessum, þessum hérna [ee] kannski frægustu og, og frægari Ólafs sögunum og á sinni tíð lifði í mörgum myndum, er þessi saga af því að Ólafur hann, sem tengist því að Ólafur keyrði mjög hægt. Hann hafði þrjú boðorð í umferðinni og segir frá þessu sjálfur í viðtölum að hann hafi í rauninni farið eftir þremur reglum í, í, í, í öllum sínum öikumannsferli, sem hann taldi vel yfir hálfu öld og, og var slysalaus alveg allan tímann. Fyrsta reglan var sú að hann keyrði hægt, önnur reglan var sú að hann keyrði hægt og þriðja reglan var sú að keyra hægt. Og þessu fylgdi hann algerlega og ég varð sjálfur vitni að því í rútnni hjá honum þegar hann keyrði til dæmis í gegnum hringtorg og án þess að far, [ee] virða í rauninni nokkuð sem hét reglur um í sambandi við það hvernig eigi að fara í hringtorg eða reglur um það [ee] hvernig [ee] aa, hringtorgi er skipt upp í tvær akreinar. Þetta skipti í rauninni engu máli vegna þess að hann fór eftir þessari reglu að keyra hægt, þá geturðu gert þetta, þá, þá, þá geturðu í rauninni horft fram hjá öllum öðrum reglum, að það gerist aldrei neitt, en, alla vega á þeim tíma, auðvitað hefur nú umferðarmeningin heldur [ee] sko aukist hraðinn í henni [ee] [ee] en, sí síðan frá 1980 því miður. (Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))

Já, jú, Ólafur keyrði alltaf hægt og einu sinni, þá var hann, það brann þakið á fjóshlöðunni á Laugarvatni. Og þetta var um hávet, eða haust, seint um haust og lá mjög mikið á að gera aftur yfir tóftina. Þannig að það var fenginn smíðaflokkur úr Reykjavík, og Ólafur fór suður til Reykjavíkur að sækja smíðahópinn, smíðina. Og svo þegar að þeir eru lagðir af stað austur um morguninn, þá segir hérna, kallar einhver til Ólafs: „Ólafur, hvenær verðum við komnir austur?“ Og Ólafur segir: „Klukkan ellefu.“ Og þá se, segir, segir hinn: „Er það í dag eða á morgun?“ Og þá, Ólafur svaraði því ekkert, en þegar þeir lentu á Laugarvatni, á hlaðinu, þá s, segir Ólafur: „Hvað er klukkan?“ „Hún er ellefu.“, segir þá einhver í bílnum. „Er það í dag eða á morgun?“ sagði Ólafur. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Sagan „Verkfræðingar pissa upp í vindinn“ er sögð af þremur í viðtölunum og í öll skiptin sem sögusögn. Segja má að hún sé heimild um viðhorf Ólafs til sérfræðinga í

vegalagningu, líkast til verkfræðinga Vegagerðarinnar fyrst og fremst, vinnubragða þeirra og andlegs atgervis sem aula er pissa upp í vindinn. Það hvað saga þessi flaug víða og þótti fyndin segir eflaust til um viðhorf alþýðu manna til stækkandi sérfræðingastéttar þessa tíma, segir trúlega til um bæði að einhverju leyti réttmæta gagnrýni á sérfræðinga og um leið tiltekna minnimáttarkennd almennings gagnvart langskólagengnu fólki. Frásagnirnar þrjár af sögu þessari eru nánast alveg samhljóða:

Svo er það sagan af, margar sögur af, af herna verkfræðingum og Ólafi. Ólafur sagði að það væri mjög auðvelt að þekkja verkfræðinga, því ef þú sérð mann sem pissar upp í vindinn þá er það verkfræðingur. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Sjálfsgagt hef ég heyrt, heyrt eitthvað fleira eins og Ef þú sérð mann pissa upp í vindinn þá er hann verkfræðingur, þetta er oft haft eftir honum. (Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))

Nú, svo þekkja nú flestir söguna um að ef það er einhver herra sem er að pissa upp í vindinn, þá er það verkfræðingur. Ég veit að margir kannast við þessa sögu. (Dóra Ingvarsdóttir (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. mars 2007))

Sagan „Snjópoki til Vegagerðarinnar“ er sögð af þremur í viðtölunum. Segja má að hún sé heimild um viðhorf Ólafs til yfirvalds vegamála, Vegagerðarinnar, og vinnubragða þar á bæ við umhirðu vega og um hversu hann gaf oft skýr, táknað og hnitmiðuð skilaboð. Frásagnirnar þrjár af sögu þessari eru nokkuð samhljóða:

Svo ætla ég að segja ykkur eina sögu sem maðurinn minn sagði mér um Ólaf. Hann stóð náttúrulega alltaf í þessum ferðalögum frá Bje, frá Reykjavík og austur yfir fjall og Hellisheiðin var oft erfið. Oft var illa hreinsaður snjór á Hellisheiði, sem olli bifreiðarstjórum og farþegum miklum erfiðleikum. Og Ólafur var alltaf að stríða við Vegagerðina að fá aðstoð í þessum efnunum. Einu sinni kom Ólafur með snjó í poka og sturtaði honum á borðið hjá vegamálastjóra. Og vegamálastjóri spyr: „Hvað er þetta?“ „Snjór“, segir Ólafur, enda orðinn þreyttur á snjónum. (Dóra Ingvarsdóttir (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. mars 2007))

Nú [ræskir sig] sem oftast var Hellisheiðin ófær og mjög erfið og, og reyndar, og, og hann var leiður að þurfa að keyra Þrengslin. Og hann átti lengi í basli með það að fá þá til að hreinsa Hellisheiðina, þó oft held ég að það hafi orðið ástæða til, og þeir sögðu alltaf: „Við erum að senda mann til þess að skoða snjóinn.“ Og alltaf var Hellisheiðin lokuð. Ólafi leiddist þófið svo hann tók snjó í poka, labbaði niður á skrifstofu hjá vegamálastjóra með pokann á öxlinni, hvolfdi úr honum á gólfíð þar og sagði: „Hér er snjór handa ykkur að athuga.“ [hermir eftir] (Einar Gíslason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 6. mars 2007))

Ólafur var oft í, í útistöðum við Vegagerðina og honum fannst [ástundun] slæg við snjómokstur á Hellisheiði. Einu sinni heyrir hann í útvarpinu að þeir séu að athuga snjóalög á Hellisheiði, og hann er þar á ferð og, a, að key, keyra yfir og þá brá hann sér út með poka, mokaði snjó í hann, keyrði svo til Reykjavíkur [ee] fór upp á skrifstofu hjá Vegagerðinni, snaraði pokanum inn á gólf og sagði að nú gætu þeir athugað snjóinn á Hellisheiðinni, hann væri kominn með hann. (Guðmundur Rafnar Valtýsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. apríl 2007))



Mynd 3. Snjómokstur á Hellisheiði, Ólafur Ketilsson er þriðji frá vinstri. Ljósmyndari Jón Kaldal. Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árneseinga.

Sagan „Jónas Jónsson ráðherra“ er sögð af tveimur í viðtölunum sem sögusögn. Annar aðilinn sem segir frá er fyrrverandi bílstjóri hjá Ólafi og hinn sveitungi Ólafs í áratugi, þannig að báðir standa söguviðinu mjög nærri. Segja má að saga þessi sé heimild um vegamál í uppsveitum Árnessýslu, um vöruflutninga, um byggingu

Laugarvatnsskólanna, um starfsemi Ólafs og vinnuáðstæður. Síðast en ekki síst er sagan heimild um kokhreysti Ólafs gagnvart ráðamönnum og heldri mönnum og hvernig hann gat skipað hverjum sem var fyrir verkum ef á þurfti að halda eða tækifæri gafst til slíks. Frásagnirnar tvær af sögunni eru í tveimur eilítið mismunandi tilbrigðum, önnur segir Ólaf hafa sagt ráðherraum að taka skóflu og moka snjó og hin að handlanga farm til sín upp á topp rúttunnar:

Nú, Ólafur var hérna, var [ee] var náttúrulega mikill eldhugi þegar hann var að keyra vegna skólabygginganna á Laugarvatni í upphafi, þarna 1928, og þá var, má segja að hafi verið alveg veglaust þarna upp í Laugardal, ekkert nema svona hestakerruslóðir og mikið um keldur og fúafen. Og þessa, þessa leið keyrði Ólafur og komst alltaf með allan farangur sem að þurfti að flytja þarna upp í uppsveitirnar, alltaf kom hann þeim á réttan stað. Og svo náttúrulega er hérna, mjög snjóþungt þarna, bæði var nú snjóþyngra á þessum árum og eins þegar að vegur er svona niðurgrafinn, þá þarf nú ekki að snjóa mikið til þess að það verði kolófært, og það var sagt að Ólafur hefði alltaf margar skóflur í bílnum og það urðu alltaf allir að fara út og moka þegar að bíllinn stoppaði og þannig komst hann oftast nær upp að Laugarvatni. Einhvern tíma þá var Jónas Jónsson með honum og, ráðherra, sem er nú faðir skólanna þarna á Laugarvatni, og, þe, svo þegar að Ólafur stoppar þarna við fyrsta skaflinn, þá útdeilir hann skóflunum og rétti Jónasi eina skófluna og sagði: „Hér verða allir að moka.“ (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Einu sinni var Ólafur að flytja vörur að Héraðsskólanum að Laugarvatni og, og ráðherra einn var þá með honum sem farþegi. Þá voru vegleysur og menn festust og annað. Það þurfti að afferma bíl og setja á aftur. Jónas Jónsson ráðherra var þar með í ferð, með hendur í vösum og með hatt. Ólafur skipaði honum að rétta sér gærupokann upp á, upp á hérna topp á b, rúttunni: „Hér verða allir að vinna.“, sagði Ólafur. (Kjartan Helgason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 13. apríl 2007))

Sagan „Afkróaði Eysteinn Jónsson og Gísli Gunnarsson við BSÍ“ er sögð af einum viðmælenda sem sögusögn. Hún, eins og sagan um Jónas ráðherra, vitnar um ýmislegt varðandi Ólaf, mikla holti hans, starfseminu, gífurlegan áhuga á vegamálum og stjórnun þeirra og kokhreysti Ólafs gagnvart þeim sem völdin höfðu. Viðmælandinn fer á kostum við að lýsa því hvernig Ólafur króar af með staf sínum þessa fyrrum þingmenn og þar af annan fyrrum ráðherra eins og hvern annan búpening og les þeim pistil sinn:

Þannig er sagan af, saga ein sem að gerist einhvern tíma snemma á á árunum eftir að [ee] [ee] nýja umferðarmiðstöðin er tekin í notkun, [ee] rétt upp úr miðri tuttugustu öldinni, [ee] að þá eru þeir staddir niðri á niðri á BSÍ Ólafur og og Bjarni Sigurðsson frá Haukadal, sem að, [ee] sonur Sigurðar Greipssonar, og mjög lengi bílstjóri hjá Ólafi og að mörgu leyti mikill snillingur, Bjarni, tónlistarmaður og, og, og, og margt til lista lagt,

en það var svona alltaf mjög áberandi í, í þeirra samskiptum. Bjarni var ennþá að keyra hjá Ólafi þegar að ég var á Laugarvatni, það var alltaf mjög áberandi í þeim, þeirra samskiptum, svona hvor var foringinn og hvor var, hvor var þjónninn og, og það var kannski yfirleitt í samskiptum Ólafs. Ólafur var [ee] foringi hvar sem hann fór og fyrir því fólki sem hann hafði yfir að segja, það fór ekki milli mála. Og þarna eru þeir að fara, fara austur og, og það er búið að fylla rútu, rútuna af fólki og [ee] kemur í ljós að það er eitthvað að bremsunum, þær gefa þa, það er hreint eins og að allt sé farið út af þeim. Og [ee] og það er náttúrulega [ee] ómögulegt að fara á bílnum svoleiðis austur fyrir fjall og það er hringt í bifvélavirkja sem koma og, og skríða undir bílinn eins og bifvélavirkjar gera og, og, og hérna komu undan honum aftur og kveðja í skyndingi og, og segjast vera búnir en Ólafur vill ekki treysta þessu alveg að óséðu og [ee] segir Bjarna að hann eigi að, hann eigi að fara og, og, og, og prófa rútuna: „Fa, fa, fa, farðu hring Bjarni, farðu hring.“ [hermir eftir] segir Ólafur og, og, og hérna, og meðan Bjarni [hósti] er að þessu að þá gerist það að Ólafur er þarna á vappi við Umferðarmiðstöðina og sér þá að það koma tveir höfðingjar labbandi þarna eftir gö, göngustígnum fyrir ofan Umferðarmiðstöðina, þeir Eysteinn Jónsson, þá nýlega hættur á þingi, fyrrum formaður Fra, Framsóknarflokksins og Gísli Gunnarsson sem að hafði líka setið á þingi og, og þetta var eiginlega, þetta var uppáhaldið hjá Ólafi, það var að komast í tæri við landsfeðurna, þó að þessir hafi nú kannski verið svona mikið til hættir að að stjórna, þá voru þetta áhrifamenn engu að síður og, og báru ábyrgð á stjórn landsins mjög lengi. Ólafi var þetta alltaf mikið, mikið keppikefli að, að, [ee] að tala yfir svona fólki. Hann var í rauninni, ég sá þetta nokkrum sinnum í, í samskiptum Ólafs við, við höfðingja, hann [ee] við, við þá sem voru kannski svona yfir honum settir í samfélaginu, að hann talaði ekki við þá eins og maður við mann hann talaði algerlega yfir slíku fólki. Við okkur krakkana þá gat hann eimitt talað og hann hafði gaman af að heyra svona okkar sjónarmið og hlustaði á okkur menntaskólakrakkana og það var kannski út á það sem hann fékk mjög mikla aðdáun hjá okkur alltaf. Og [ee] og, og, og við héldum mjög mikið upp á hann. Og þarna þá, þá sér Ólafur að hann, hann, ef hann hraðar sér, kominn á sína tvo stafi, hann var í rauninni lengst af ævinnar alveg fótalaus, ó, ónýtur í honum liður. Það var helst undir síðustu árin sem hann var skárri að sumu leyti, eftir að það var farið að skipta um þetta. En hann er með tvær, á tveimur hækjum þarna og skálmur með þeim upp að upp að stígnum, þar sem karlarnir eru að koma og nær fyrir þá, þetta er eins og þú sért að hlaupa fyrir óþekkar kindur sko, þú verður að ná áður en þær fara af veginum, annars ertu búinn að missa þær. Og Ólafur nær þessu og, og byrjar að lesa yfir þessum körlum, og heldur stöfunum svona vel frá sér þannig að ga, göngustígurinn, þessi afmarkaði göngustígur, sem auðvitað svona séntilmenn eins og, eins og Eysteinn Jónsson og Gísli, [ee] færu auðvitað ekkert að labba annars staðar, þannig að þeir eru auðvitað algerlega innikróaðir afkróaðir af Ólafi og eiga sér enga undankomu, þeir verða bara að standa undir þessum lestri, um aðallega vegakerfið. Ólafur hafði alltaf mjög miklar skoðanir á vegakerfinu og kannski var hann þar mjög framsýnn, hann vildi alla vega tvöfalda og fjórfalda vegi, langt umfram það sem að menn töldu, ee aðrir töldu fært að gera á þeim tíma. [sýpur á] Og hérna, og þegar hann er ekki

nema svona rétt hálfnaður í ræðunni, þá kemur Bjarni og, [ee] og, og byrjar svona að, að pikka í Ólaf [aa], [aa] og reynir að ná einhverju sambandi við hann, en Ólafur er alveg óstöðvandi, eins og, það þegar, hann Ólafur, talaði svona, þá var hann algerlega eins og foss, og það, þá, þetta var flaumur þar sem var aldrei nein glufa í og það var voðalega erfitt að koma orði að. Og Bjarni er búinn að vera að reyna nokkrum sinnum og reyna að tala oní Ólaf svona, oní þennan orðaflaum, og segja við hann: „Ólafur rútan er alveg eins, rútan er alveg eins.“ og [ee] hérna Ólafi fer að leiðast þetta, þetta er eins ss, sé einhver fluga að angra hann, þar sem hann er að þessu, svo hann, [hóstar] hann veit líka að hann má ekki nein, nei, neitt missa sko, hann má ekkert hleypa körlunum fram hjá og helst ekki hleypa þeim að, því að þá getur þetta einhvern veginn sko, þá getur hann misst þennan þráð, þá getur hann misst þá úr hendi sér. Hann var þarna kominn með mikinn drátt í hendi, og þetta þekkjum við í samskiptum manna, manna sem liggur mikið á hjarta, þeir, þeir þurfa að koma sínu frá áður en þeir eru stoppaðir af og, og hérna, og til þess að missa nú ekki Gísla og Eystein, að þá, þá hallar Ólafur svona annarri hækjunni soldið vel frá sér þannig að hún nær vel út fyrir göngustíginn og snýr sér við svona rétt til hálf, að, að Bjarna, og, og se, og segir svona mitt á milli þess sem hann er að tala um Geirsbeygjurnar og, og, og, og rauðamalarkantana og, og, og, og öxulþungann í landinu: „Bjarni, Bjarni, farðu annan hring.“ [hermir eftir] Svona er þetta. (Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))

Sagan „Þegiðu nú kona ég er að vinna“ er sögð af einum viðmælenda sem sögusögn. Segja má að saga þessi sé heimild um vöru- og fólksflutninga, um starfsemi Ólafs og verklag, um framkomu og hegðun aldamótakynslóðarinnar, um tjáskipti karla og kvenna, og hve dónalegur Óli Ket átti til að vera og það jafnvel við eigin viðskiptavini. Sagan lýsir því hvernig hann hundsar fyrst spurningar frá fínna frú sem bíður eftir fari hjá honum, þaggar svo niður í henni, lætur hana bíða dágóða stund, girðir sig fyrir framan hana með allt að því klúrum tilburðum og skipar loks fyrir um að hún megi mæla að nýju:

Og ein af þessum sögum sem, [ee] sem mér var sögð einmitt fyrir nokkrum árum sem til marks um það hvað hann gat verið dónalegur, að [ee], þetta var meðan [ee] rútuafgreiðslan var ennþá niðri í, niðri í miðbæ og [ee] þar sem allt var öðru vísi þá í þessum samgöngum, þá var [ee] eiginlega allt saman sett á, á toppinn á bílunum og [ee] Ólafur þá ennþá í fullu fjöri, þannig að, hann, hann fór, er, er uppi á þaki að, að bardúsa í, í, við, við að binda niður á toppgrindina og kemur svona fín frú og [ee], og byrjar að, [ee] og stendur fyrir neðan bílinn og þetta eru nú ekki [ee], þetta voru nú ekki háir bílar, það var auðvelt að tala við mann sem var uppi á þessum, [ee] uppi á bílnum að vinna, og fer að spurja hann út í áætluðina, hvenær rútan fari suður og hve, austur og hvenær hún fari suður aftur og og Ólafur svarar þessu ekki lengi vel og, og segir svo við konuna þegar hún er búin að láta móðan mása [ee] svolitla stund: „Þegiðu nú kona, ég er að vinna.“ [hermir eftir] Og þessi fína frú hún, hún [ee] verður náttúrulega

eðlilega svolítið hvumsa við, en, en þarf nú á því að halda að komast með rútunni og, og, og lætur sig nú hafa það að, að bíða þarna áfram. Og þegar Ólafur er búinn að binda allt niður á bílinn, þá, þá labbar hann [ee] la, fer hann niður og, og, og, [ee] og gengur að þessari fínu frú og byrjar að gera það sem að, ee sko við, þú manst ábyggilega eins og ég, en maður sér þetta alls ekki [ee] í dag en, en maður sá soldið hjá þessum gömlu mönnum, hjá þessum mönnum af aldamótakynslóðinni, og kannski jafnvel aðeins yngri. Hann byrjaði svona að, að, að girða sig, með miklum tilburðum, hneppir frá buxurnar og, og, og, og, og öllu svona vel niður og byrjar að laga þetta allt saman og meðan hann er að þessu og með allt saman alveg flaksandi opið þá stillir hann sér upp fyrir framan þessa fínu konu og segir: „Talaðu nú kona.“ (Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))

Sagan „Tilurð bæjarnafnsins Bitru í Flóa“ er sögð af einum viðmælanda, fyrrum rútabílstjóra hjá Ólafi og er sögð sem sögusögn. Sagan er um leið skýringarsögn, nánar tiltekið örnefnasögn, þar sem hún er heimild um nafngift viðkomandi bæjar í Flóanum. Í sögunni er hent gaman að flámælgí Ólafs, en svokölluð flámælgí var útbreidd á Suðurlandi á þeim tíma er Ólafur var að alast upp. Sagan er þannig um leið heimild um framburð íslenskrar tungu:

Svo er ein saga af Ólafi þarna, já. Svo er það saga um tilurð bæjarins Bitru sem að er í Flóanum á leiðinni við hringveginn á [ee] vinstri hönd, rétt áður en maður kemur að Þjórsárbrúnni, skömmu áður, heitir Bitra. Og sagan segir að, að nafnið sé tilkomið þannig að, að tveir Austfirðingar hafi [ee], að Austfirðingar hafi byggt þetta, þennan bæ. Og það var þarna karl með sonum sínum að ákveða hvar þeir ættu að haf, að byggja bæinn. Og svo finnur karl þarna eitthvað bæjarstæði, nokkuð gott, en þá hleypur strákurinn upp á hólinn og segir: „Pabbi, hér er Bitra.“ Hann var nefnilega Austfirðingur og hljóðvilltur. Og þannig er nafnið tilkomið á bænum Bitru þarna í Flóanum. Svo var það einhvern tíma að Ólafur Ketilsson var, var að keyra ferðahóp austur Flóann og, og þá er það einver sem spyr: „Ólafur, veistu hvað þessi bær heitir?“ „Hann heitir Bietra.“ [hermir eftir Ólafi, bæði tón og flámælgí], að þá var spurt: „Betra en hvað?“ Og þá var eiginlega komið rétta nafnið á bæinn. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Sagan „Þú áttir aldrei frá Kleppi að fara“ er sögð af tveimur í viðtölunum sem sögusögn. Annar aðilinn sem segir frá og segir lengra tilbrigði sögunnar, Kristinn Kristmundsson, er fyrrverandi skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni og þegar hann var nemandi í sama skóla var Sveinn Þórðarson, sem sagan er af, skólameistari ML. Hinn sem segir söguna og segir styttra tilbrigðið, Bjarni Harðarson, er kynslóð yngri en Kristinn og var nemandi í ML þegar Kristinn var þar skólameistari. Segja má að saga þessi sé heimild um hið afar hæga aksturslag Óla Ket og hvernig hann gat átt

það til að haga sér eins og hann væri einn um að nota þjóðvegi landsins, auk þess sem hún sýnir vel einstaka orðheppni Ólafs. Kleppur var geðsjúkrahus þess tíma, almennir fordómar giltu gagnvart bæði geðsjúkdómum og Kleppi, og þannig var að Sveinn Þórðarson var uppallinn á Kleppi þar sem faðir hans Þórður Sveinsson hafði þar búsetu og var yfirlæknir Klepps. Hér eru sögurnar settar upp hlið við hlið til að auðvelda samanburð á efni og lengd:

<p>Sko, ein saga varð til þegar ég var nemandi þarna á Laugarvatni, sem mér þótti nú býsna góð og ekki, þeim mun betri fyrir það að ég er alveg nýbúinn að heyra, heyra söguna úr annarri átt, mjög skemmtilega. [ee] þú hefur sjálfsagt heyrt þá sögu þegar að doktor Sveinn heitinn Þórðarson, sem nú er nýlátinn, var skólameistarinn minn á Laugarvatni, hann, hann [ee] ók [ee], átti sjálfur bíl, sem var nú ekkert sérstaklega algengt þarna á sjötta áratugnum, og ók sjálfur. Og [ee] sagan eins og hún gekk og hefur gengið, það eru all, öll þessi ár síðan sem ég hef heyrt hana sagða á, á ýmsan hátt. Hún var í aðalatriðum þannig að, að [ee] Sveinn mætti Ólafi á rútu hans og Ólafur ók á miðjum vegi eins og hann gerði jafnan og og og þrætti ekki fyrir að hann hefði gert. Og [ee] Sveinn sá sér ekki annað fært til þess að forðast áreksstur en að aka út af, út af veginum. Og eins og menn þekkja þá er Sveinn Þórðarson fæddur og uppallinn á Kleppi, hann var sonur yfirlæknisins á Kleppi, Þórðar Sveinssonar, var einn af, einn af þeim, einn af þeim systkinum. Hann var bróðir Úl, hérna Ú, Úlvars augnlæknis, [ee] Agnars rithöfundar og Gunnlaugs, Gunnlaugs Þórðarsonar og þeirra bræðra. Og [ee] einhverra hluta vegna á nú Sveinn, hefur nú Ólafur líklega stöðvað [ee] bílinn. Sagan sagði nú reyndar að Sveinn hefði nú hlaupið til og, og lamið í hann og, lamið í bílinn til þess að væri víst að hann</p>	<p>Og [ee] ein sagan er einmitt af Þórði Sveinssyni [ee] föður hérna Gunnlaugs Þórðarsonar og þeirra miklu snillinga Úlvars, og Þórður Sveinsson var læknir á Kleppi og hann hann lendir svona fyrir aftan Ólaf og og [ee] hér [ee] líður mjög langur tími þangað til einhvers staðar á Laugarvatnsafleggjaranum að hann kemst loksins fram úr og þegar hann er þegar hann er kominn fram úr þá snarstoppar hann bílinn og þá er hann orðinn svo reiður karlinn að hann ákveður að veita Ólafi almennilegt tiltal fyrir þetta og, og [ee] st, stoppar bílinn þvert fyrir veginn þarna, og Ólafur verður að stoppa rútuna, og kemur svo að henni og byrjar að ausa út úr sér [ee] sk, skömmum á Ólaf og þegar hann er búinn að þessu svolitla stund og, og verður svona smámálhvíld hjá honum, þá rekur Ólafur út sitt gráa höfuð og segir: „Já Þórður, þú hefðir aldrei átt af Kleppi að fara og vertu sæll.“ (Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))</p>
--	--

<p>næði, næði tali af Ólafi, ein sagan var þannig, en hún, hún er nú tæplega rétt. En hann hefur alla vega stöðvast til þess að vita hvort, hvernig [ee] hvernig fólksbílnum hefði nú reitt af. Og [ee] þá er ss sagt að Sveinn hafi [ee] verið mjög reiður og hellt sér yfir Ólaf fyrir þennan ógætilega akstur og fyrir að aka þarna á miðjum veginum svo að ekki væri hægt að mæta honum og, og nú Sveinn gat verið dálítið stórorður þegar, þegar hann reiddist og [ee] lét að því er sagan sagði dæluna ganga nokkra stund og, og þangað til [ee] loksins að Ólafur fékk orðið, hann hann þagði og hlýddi á og svaraði ekki fyrr en, fyrr en Sveinn þagnaði. Og þá sagði Ólafur eftir því sem sagan segir: „Það er sem ég segi, þú áttir aldrei frá Kleppi að fara.“ (Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))</p>	
---	--

Þessar tvær frásagnir sögunnar „Þú áttir aldrei frá Kleppi að fara“ eru sem sagt sagðar af tveimur núlifandi samtímamönnum sem tilheyra hvor sinni kynslóðinni. Sá eldri af sögumönnum fer rétt með nafnið enda aðeins kynslóð yngri en sá sem sagan fjallar um og auk þess fyrrum nemandi Sveins á menntaskólaárum sínum í ML. Sá yngri sem söguna segir fer ekki rétt með nafn og persónu í sögunni, bæði er þar um nafnarugling og hlutverkarugling að ræða. Hugsanlega er ruglingur þessi vegna þess að sagan er af manni sem er tveimur kynslóðum ofar sögumanninum í aldri, en líka getur verið um að ræða að feðgarnir Sveinn Þórðarson og Þórður Sveinsson voru báðir nokkuð þekktir og nöfn þeirra keimlík og þeim hafi verið ruglað saman þess vegna.

Þessi ruglingur varðandi nöfn og hlutverk, sem að ofan greinir, gæti hugsanlega gefið vísbendingu um af hverju nafna- og hlutverkaruglingur er í byrjun Gíslasögu Súrssonar. Gíslasaga er til í tveimur útgáfum og þar gæti verið um að ræða, að menn, hvor af sinni kynslóðinni, hafi sagt söguna hvor sínum ritara. Ekki er þó hægt að fullyrða neitt um það, til þess þyrfti að gera frekari rannsóknir á sögnum sem safnað er úr munnlegri geymd, sögnum þar sem menn segja sömu sögu og nafna- eða hlutverkaruglingur er til staðar, og skoða sérstaklega hvort sögumenn tilheyri mismunandi kynslóðum.

Annar viðmælandinn, sem segir þessa sögu, getur einnig um frásögn bróðursonar Sveins Þórðarsonar af sama atviki:

Og svona hefur sagan sem sé gengið, ég hef heyrt hana úr ýmsum áttum. En eh svo núna fyrir skemmstu, þá, þá [ee] las ég minningargrein um, um [ee] Svein, hann lést núna fyrir um hálfum mánuði eða svo. Og [ee] mágkona hans, ekkja Agnars bróður hans, hún skrifaði um hann mjög hlýlega og vel samda grein. Og hún rifjar upp að Uggi sonur hennar sem nú er þekktur, vel þekktur hjartalæknir, núna, gamall nemandi minn, hann hafði farið þá sem stt strákur [ee] eitthvað það tí, níu eða tíu ára, [ee] eitthvað, [ee] eitthvað svoleiðis, fengið að fara með Sveini [ee] austur að Laugarvatni. Og þegar hann kom þaðan, þá var hann allshugar feginn og alls [ee] var hann mjög glaður og hafði haft gaman af ferðinni og, og sagt meðal annars: „Það er svo gaman að vera í bíl með honum Sveini frænda, hann keyrir svo vel út af.“ Og mér þykir gott að sagan skuli vera komin frá þessari hlið líka því að, því að fram að þessu hefur hún, hefur hún æfinlega verið sögð svona heldur frá sjónarmiði, frá sjónarmiði Ólafs, en ekki til að, en ekki til að skýra viðbrögð Sveins. (Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))

Í minningargreininni eftir mágkonu Sveins, sem Kristinn getur hér um í frásögn sinni, sem er minningargrein Hildigunnar Hjálmarsdóttur, á vef Morgunblaðsins, mbl.is, þann 20. mars 2007 segir þetta um frásögn bróðursonarins:

Sveinn var ákaflega barngóður og þótti sonum okkar Agnars mjög vænt um hann og þótti mikið til hans koma. Eitt sinn bauð hann Ugga, elsta syni okkar, með sér austur að Laugarvatni og þegar Uggi kom heim, með kúlu á höfðinu, sagði hann með aðdáun í röddinni: "Hann Sveinn frændi er ógurlega góður bílstjóri, hann keyrir svo vel út af." Sveinn hafði með naumindum komið í veg fyrir árekstur, þegar Laugarvatnsrútan kom akandi á móti honum á fleygiferð – á miðjum veginum!

Aðrar sögur en þær er að ofan greinir eru sagðar tvisvar eða einu sinni í viðtölum mínum við viðmælendur. Einar sex þeirra, auk fjögurra ofangreindra sagna, tengjast vegamálum og akstri, það eru sögur eins og „Geirsbeygjur og rauðmalarkantar“, „Það er eftir að leggja veginn til baka“, „Átt þú veginn?“, „Ólafur lagði sjálfur veg“, „Aukaheili fyrir vegamál“, „Lækkaði Sogsbrúna“ og „Snæri bundið“. Vel yfir tuttugu af öllum þessum þrjátíu sögum sem viðmælendurnir segja tengjast samskiptum Óla Ket við aðra, samskiptum hans við almenning, ráðamenn, sveitunga, samstarfsmenn, farþega, og ganga út á gamansemi hans og á tíðum hnyttin tilsvör gagnvart fólki. Allflestar frásagnanna eru sagðar sem sögusagnir, eða um 26, og miklu færri sem reynslusagnir eða sjö þeirra og er ein sagnanna sögð bæði í formi sögusagnar og reynslusagnar.

Ólafssögurnar hljóta að segja ýmislegt bæði beint og óbeint um samfélagið sem þær urðu til í. Reglubundin ferðalög með áætlunarbílum voru nýleg samgöngubót á þeim tíma sem sögurnar gengu hvað mest og ný upplifun fyrir marga. Slík ferðalög tóku langan tíma miðað við það sem gerist í dag, vegir voru miður góðir og ekið var hægt, sérstaklega hægt ef Ólafur sat sjálfur við stýrið eins og ýmsar sagnanna greina frá. Rútuferðir voru tímafrekar og tilbreytingarlaugar fyrir marga, jafnvel leiðinlegar og þreytandi. Farþegar hafa því trúlegast fylgst vel með bílstjóranum og öðru sem gerðist á leiðinni til að drepa tímann og eitthvað sem kitlaði skopskynið hefur eflaust verið vel þegið. Athygli farþega, sem og fólks á hinum ýmsu viðkomustöðum, hefur vafalítið beinst mjög að bílstjóranum, bæði vegna hlutverks hans og svo vegna þess að Óli Ket var líka mjög sérstakur og athyglisverður karakter. Farþegar hafa sennilegast haft mikla þörf fyrir að geta treyst á öruggan bílstjóra, öruggan flutning á sjálfum sér eða varningi þar sem einkabílaeign var fágæt og Ólafur þannig orðið einn af máttarstólpum þess samfélags sem hann þjónaði og fengið mikla athygli þess vegna. Hinar reglubundnu áætlunarferðir hafa vafalítið átt mikinn þátt í því hve sögurnar breiddust út, þar sem Ólafur var mikið í návígi við almenning, alltaf á ferðinni og kom víða við. Sögurnar og Ólafur urðu einnig um leið eitthvað sem hægt var að sameinast um, tala um meðal fólks sem kannski þekktist lítt eða ekki, svipað og gildir og gilt hefur um umtal um veðrið sem snertir marga og allflestir vilja eða geta spjallað um við náungann. Segja má að Ólafur og sérleyfisrekstur hans hafi þjónað samsettu samfélagi, þar sem um var að ræða uppsveitir Árnassýslu og bændasamfélagið þar, skólasamfélagið á Laugarvatni sem samanstóð af barnaskóla sveitanna í kring, menntaskóla sem þjónaði enn stærra svæði og íþróttakennaraskóla og húsmæðraskóla sem þjónuðu á landsvísu. Enn fremur var Laugarvatn og nágrenni sumardvalarstaður margra og ferðamennska mikil þar um kring vegna nálægðar við Geysi og Gullfoss. Þessi margþætta samfélagsgerð, þar sem Ólafur bjó og vann hvað mest, hlýtur að hafa aukið við þá athygli sem Óli Ket fékk og stuðlað að útbreiðslu Ólafssagnanna. Sagnirnar um Óla Ket lýsa margar dugnaðarforki, Íslendingi sem ólst upp við lítil efni og öðlaðist svo velgengni með framsýni og eljusemi. Margan manninn hefur eflaust dreymt um slíkt um miðbik tuttugustu aldar á Íslandi og gerir enn. Ólafur hefur þannig getað höfðað sterkt til þess draums um betra líf sem fólk átti sér, draums um að vera sjálfs sín herrar, hafa gott lífibrauð og njóta virðingar í samfélaginu. Ólafur og rútuþjálfi hans hefur jafnvel verið eins konar holdgervingur nýs tíma, vélaaldarinnar, sem þarna var að ryðja sér rúms í fábreyttu bændasamfélagi.

Í dag þegar menn segja Ólafssögurnar er það trúlega til gamans eins og á árum áður, á hverjum tíma er þörf fyrir eitthvað til að létta lundina. Kannski ber það líka vott um vissa fortíðarhyggju þegar sögurnar ganga nú, fólk vísi með þeim til eldri tíma og tíðarandans sem ríkti þegar Ólafur var og hét, þar sem margir, sem nú eru kringum miðjan aldur og eldri, muna eftir Ólafi og sögunum. Fólk sem segir þessar sögur í dag gæti þannig verið að minnast gamla bændasamfélagsins eins og það var áður en svo margir fluttu á mölina sem það kallaðist að flytja búferlum til Reykjavíkur, og minnast um leið breytinganna sem samfélagið undirgekkst. Margt af þessu fólki bjó jafnvel á Suðurlandi áður fyrr, ólst upp þar eða var í sveit sem börn og unglingar. Tímar mikilla breytinga fá eflaust meiri athygli fólks síðar en tímar stöðugleika. Nokkur tilhneiging er til þess á hverjum tíma að telja liðna tíma betri en þann sem er við lýði og eflaust má finna eða sjá betur kosti og galla tímabils sem liðið hefur hjá þegar litið er til baka. Ólafssögurnar geta þannig í dag verið eins konar lykill sem nota má til upprifjunar á samfélagi og tíðaranda sem ríkti fyrir nokkrum áratugum.

5. Vitnisburður sagnanna og umsagnir um þjóðsagnapersónuna

Eins og fram kemur víða í kaflanum hér á undan um Ólafssögurnar þá bera sagnirnar vitni um margt. Þær eru heimildir um samfélagið og þjóðlífið, um þjóðfélagsbreytingar, atvinnuhætti, staðhætti, samgöngur, vegamál og umferð, ferðamáta, stéttaskiptingu í íslensku þjóðfélagi, skopskyn Ólafs og almennings, um fólkið sem kom við sögu og bar sögurnar, um Ólaf Ketilsson sjálfan og fleira. Hversu fleygar sögurnar urðu segir til um þann hljómgrunn sem inntak þeirra og merking fékk meðal fólksins, ekki síst hvað þótti fyndið og tvírætt. Sögurnar bera sem sagt kímniáfu Ólafs og annarra glöggt vitni. Þær sýna hversu hnyttinn og orðheppinn Ólafur virðist oft hafa verið og lýsa honum sem manni með gráglettinn og á stundum kaldranalegan og tvíræðan húmor. Allmargar sagnanna bera vitni um stórkarlalegan húmor Ólafs eins og kemur vel fram í sögunni „Snjóþoki til Vegagerðarinnar“. Þá hefur hann heldur ekki verið alveg laus við að hafa húmor fyrir sjálfum sér eins og sagan „Það er kýr að fara fram úr þér“ ber vott um.

Margar sögurnar bera vitni um hversu hreinskilinn og beinskeyttur Óli Ket gat verið. Sumar sagnirnar lýsa því hvernig hann gat átt til að hneyksla fólk með tilsvörum sínum, háttalagi og jafnvel verið nokkuð klúr, allt eins þótt ráðherrar eða fínar frúr væru annars vegar, eins og t.d. sögurnar „Jónas Jónsson ráðherra“ og „Þegiðu nú kona“ sem fjallað er um í fyrri kafla bera vott um. Sögur þessar sýna að Ólafur fór ekki í manngreinarálit, var höfðingjadjarfur og sagði meiningu sína umbúðalaust. Ein sögnin segir frá því hvernig Ólafur hafði sveitunga sína í hávegum, hvernig hann þjónaði mun betur þeim sem sérleyfi hans náði til en tilfallandi ferðalöngum öðrum:

Ólafur var hérna, já sem dæmi um það, að, að, að hérna heimamenn voru í fyrsta flokki hjá honum, er að, að það var lengi sem að vegurinn náði ekki nema að, inn að Miðdal, og, og hérna svon, vel akfær vegur, og svo er hann náttúrulega mun verri eftir það og hann, lá nú svona slóðin að Efstadal. Og einhvern tímann var hérna Ólafur spurður að því hvort hann færi lengra en að Miðdal, einhverja ákveðna ferð, það var fólk sem var að fara upp að Efstadal, s, svona gestir úr Reykjavík og Ólafur þekkti ekkert sérstaklega vel, og Ólafur svaraði: „Já, ég fer alla leið ef það er fólk.“ Svo hérna, svo fólkið fer í góðri trú [hlær við], kaupir miða og fer með Ólafi, hann rekur það allt út úr rútunni við Miðdal og það mátti ganga þaðan og upp að Efstadal sem er 13 kílómetrar. Svo næstu ferð á eftir, þá var hérna stúlka úr Laugardal sem var frá Laugardalshólum, ein frá eft, frá Laugarvatni, og hann keyrði hana alla leið austur að Hólum, því hún var fólk sko [hlær við]. Þetta er gott dæmi um það hérna, hvað hann lagði mikla áherslu á sína viðskiptavini. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Ýmsar sagnanna af Ólafi bera vott um mikla framsýni hans varðandi samgöngu- og vegamál og vitna um glöggt auga hans fyrir verkfræðilegri hönnun vegamannvirkja, hver þeirra væru illa hönnuð og þar með slysgildirur. Sagan „Elliðaárbrú er dauðagildra“ sem viðmælandi hefur eftir Ólafi sjálfum lýsir þessu vel:

Eins er það að, að hérna með Elliðaárbrúna, sem er þarna frá Árbæjarhverfinu og þarna ofarlega í Elliðaánum, tiltölulega nýleg brú, og Ólafur sá strax að þetta væri hérna mjög hættuleg brú, þetta væri s, sko slysgildra, vegurinn væri vitlaust hannaður að brúnni og það yrði örugglega einhvern tíma dauðsfall þarna á þessari brú, eða við, því vegurinn væri svo illa hannaður. Og hann sagði mér það, ég sat einu sinni hjá honum þarna, eftir að hann var fluttur í Sunnuhlíð í Kópavogi, eitt kvöld og, og þá var hann, umræðuefnið var nú yfirleitt alltaf vegamál, og þá var hann að segja mér frá því að hann hefði skrifað öllum þeim sem hann gæti ímyndað sér að hefðu með málið að gera, hann hefði skrifað forseta Íslands, hann hefði skrifað borgarstjóra, hann hefði skrifað vegamálastjóra, hann hefði skrifað helstu verkfræðingum, bæði hjá Vegagerðinni og borginni, og bent öllum á það að það yrði að gera eitthvað í þessu, það yrði, þetta væri dauðagildra þarna, við þessa brú. Og svo undarlega vildi til að ákkúrat þetta sama kvöld og ég sat hjá Ólafi og hann var að segja mér þetta, þá varð fyrsta banaslysið við þessa brú. En ég man ekki hvort það hefur orðið annað banaslys. En síðan var lagt, sett handrið þarna á veginn, að brúnni til þess að forða fleiri slysum. En þetta sá Ólafur og hefði betur verið farið að ráðum hans. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Nokkrar sagnanna lýsa samskiptum Ólafs við Vegagerðina, framkvæmdavald vegalagninga, gagnrýni hans á hana og lýsa jafnvel útistöðum hans við þá stofnun. Ein sagan segir frá því hvernig Ólafur tók sig til og sýndi vegamálastjóra á ápreifanlegan hátt að hann væri ekki að standa sig varðandi snjómokstur á Hellsheiðinni, en það er sagan af því þegar Óli Ket tók sig til og fór og skellti poka fullum af snjó á skrifborð vegamálastjóra svo hann mætti átta sig betur.

Sumar sögurnar lýsa frumkvöðlinum Ólafi. Ein slík segir til dæmis frá einkaframtaki Ólafs við veglagningu þar sem hann taldi vanta veg, hvernig hann fékk bændur á svæðinu til verksins upp á möguleg laun síðar og hvernig honum tókst seinna meir að selja Vegagerðinni veg þennan og gera upp við bændurna. Einn viðmælenda minna, Böðvar Magnússon, fyrrum bílstjóri, segir í viðtali um þessa framkvæmd:

Og ég minnst þess að, að hérna það var lengi sem að Ó, og hann vann lengi mjög að vegaf framkvæmdum og lagði til dæmis á eigin kostnað fyrsta upphlaðna veginn á milli Laugarvatns og Hjálmsstaða. Hann keypti jarðýtu og, og hérna lagði þennan veg og hann fékk bændur til þess að vinna með sér í þessu upp á væntanleg laun ef hann fengi einhvern tíma greitt fyrir þennan veg og það voru allir til í það. Og það var ekki fyrr en

mörgum árum seinna að vegurinn varð tekinn inn í þjóðvegakerfið, að [ee] viðurkenndur af ríkinu, og þá loksins fékk Ólafur greitt fyrir veginn og gat gert upp við bændur. (Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007))

Sumar sagnanna segja frá óhemjudugnaði Ólafs og einstakri ósérhlífni, eljusemi og vinnuhörku við störf sem stundum voru unnin við afar erfiðar aðstæður og dæmi um slíkt í sögunum er þegar Ólafur stritar við að afhlaða drekkhlaðinn bíl til að koma megi honum yfir óbrúaða á og hleður svo strax aftur.



Mynd 4. Ólafur Ketilsson á þaki rútu með póstpoka.
Mynd fengin hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Sú mynd sem sögurnar gefa af Ólafi er af mjög jarðbundnum manni, sem ekki lét sér allt fyrir brjósti brenna. Sagan „Þegiðu nú kona ég er að vinna“, eða hluti hennar sýnir meðal annars hvað vinnan og vinnuharkan höfðu mikinn forgang hjá honum:

.... þá var [ee] eiginlega allt saman sett á, á toppinn á bílunum og [ee] Ólafur þá ennþá í fullu fjöri, þannig að, hann, hann fór, er, er uppi á þaki að, að bardúsa í, í, við, við að binda niður á toppgrindina og kemur svona fín frú og [ee], og byrjar að, [ee] og stendur fyrir neðan bílinn og þetta eru nú ekki [ee], þetta voru nú ekki háir bílar, það var auðvelt að tala við mann sem var uppi á þessum, [ee] uppi á bílnum að vinna, og fer að spurja hann út í áætlunina, hvenær rútan fari suður og hve, austur og hvenær hún fari suður aftur og og og Ólafur svarar þessu ekki lengi vel og, og segir svo við konuna þegar hún er búin að láta móðan mása [ee] svolitla stund:

„Þegiðu nú kona, ég er að vinna.“ [hermir eftir] Og þessi fína frú hún, hún [ee] verður náttúrulega eðlilega svolítið hvumsa við,

Nokkrir viðmælenda gáfu einnig umsagnir um Ólafssögunar svona almennt séð. Til dæmis minntust þeir á sannleiksgildi sagnanna, að þær hefðu verið fleygar við ýmis tækifæri, hefðu hæft nánast hvaða selskap sem var, verið sagðar til skemmtunar og verið skoplegri ef menn þekktu Ólaf. Fyrst og fremst eru það tveir viðmælendanna sem gefa almennar umsagnir um sögunar:

Bjarni Harðarson	Kristinn Kristmundsson
Sunnlendingur, fyrrum nemandi ML, ritstjóri <i>Sunnlenska</i> og þingmaður.	Fyrrum skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni.
(Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007))	(Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007))
... ég var í Menntaskóla að Laugarvatni sem sagt á árunum 77 til 81. Þá var Ólafur ennþá upp á síiii, [ee] [ee] í fullu fjöri þó að hann væri nú svona að hætta umsvifum. [ee] [ee] Og, og við kynntumst karlinum og lærðum mikið af sögum um hann þá strax og, og, og, og þær hafa fylgt mér síðan.	... það gengu auðvitað ýmsar sögur þegar ég var þarna nemandi í Menntaskólanum á Laugarvatni ...
En [ee] [ee] auðvitað er líka [ee] sko, er líka sko mikið af þessum sögum um Ólaf, þetta eru, [ee] þetta eru sögur sem hafa, hafa svona gerjast og, og orðið til. Ég, ég myndi ekki þora að fullyrða neitt um, endilega um, um sannleiksgildi þeirra enda skiptir það ekki alltaf máli. Ólafur var oft spurður að þessu, hvort að þessar sögur væru allar sannar ég man að hann svaraði okkur að Laugarvatni einhvern tímann að [ee] þessar sö, þegar hann var spurður að því hvort þessar sögur væru sannar þá svaraði hann því að þær séu það, eða ættu allavega að vera það.	Hann, hann, hann var ólíkur öðrum, líka gerði hann í því að vera ólík, ólíkur öðrum, og [ee] [ee] ýtti dálítið undir þessar sögusagnir sem af honum fóru, þegar farið var að, farið var að bera þetta á hann seinna sko, þá gætti hann þess vandlega að [ee] neita engu slíku, og lá, láta láta hérna þjóðsöguna um það að [hlær við] að mynda sögurnar, alveg [hlær við] án þess að hafa nokkur áhrif á þær, á þær sjálfur sko. Og hvort sem þær voru nú sannleikanum samkvæmar eða ekki.
Sko [ee] [ee] þessar sögur hafa náttúrulega orðið til með ýmsum hætti og það er, þær eru, sumar þeirra eru þannig að þær kannski, þær kannski [ee] eru ekkert fyndnar nema maður hafi þekkt Ólaf svolítið og, og, og [ee] hans samferðamenn og sögupersónurnar, og ég held reyndar að það eigi við um mjög mikið af sögum um Ólaf, að þær þær reyna á það að maður svona [ee] annaðhvort þekki eða geti gert sér í hugarlund þennan, [ee] þennan [ee] mann og, [ee] og og, og þær verða skoplegar fyrir það.	Ég held, mér liggur við að segja undir öllum mögulegum kringumstæðum. [ee] það er svona, þeim var svona fleygt manna á milli. Ég kynntist þeim fyrst þegar ég var þarna bara strá, strákur í, strákur í heimavistarskóla og, og, og við vorum að, við vorum að segja sögur og í þeim félagsskap, þá náttúrulega keppast menn um að vera skemmtilegir og kunna og segja sem skemmtilegastar sögur. Og ég held nú [hlær við] satt að segja að sögurnar af Ólafi þær séu í þeim hópi, sko að [ee], að svona sem sagt í, í, í svona

	<p>[ee] ja góðra vina hópi og þar sem að nokkrir eru saman komnir, það er, þær eru ekki þannig að það sé svona verið að segja þær svona maður við mann. Þær eru sagðar fremur svona [hlær við] eins og í skemmtunar, hugsaðar svona í skemmtunarskyni. [ee] Það er meira eins og maður veit þessi keppni um að vera, vera skemmtilegur og vekja á sér athygli. Ég held að sögurnar um Ólaf, þær séu í þeim flokki.</p>
<p>... til svo margar, en [ee] [ee] sumar þeirra, sumar þessara sagna eru náttúrulega bara svona örstuttar svona [ee] skráttur.</p>	
<p>Það eru til sögur sem að [] sem að sem að [ee] sem að voru einmitt sagðar til marks um hvað Ólafur gat verið mikill dóni ...</p>	<p>... þær voru ekki að því er, nein þeirra sem ég man eftir, þess eðlis að mætti ekki segja þær sem maður segir í blönduðum selskap. Þær, það var ekkert [hlær við] þó, þó menn væru feimnari við þess háttar þá en núna, þá, þá held ég að sögurnar um Ólaf sem ég man eftir að hafa heyrt, ég held þær hafi aveg gengið nánast, í hvaða, í hvaða selskap sem var. Það var þetta, þetta að pissa kannski, sem var svona, menn hikuðu kannski við að segja þá sögu alls staðar, en en þó held ég að það hafi verið, hafi tæpast þótt, þótt nokkuð við það að athuga og og nú alls ekki á seinni árum.</p>
<p>... einmitt mikið af þessum sögum um Ólaf tengjast þessu aksturslagi hans og og frægt er ... Já, ee en en þessar sögur [ee] þær þær lúta líka að þessu að að menn lenda í því að [ee] vera fyrir aftan Ólaf á veginum og á þessum einbr gömlu, einbreiðu vegum að þá var þetta auðvitað mjög bagalegt að lenda fyrir aftan rútu sem að silaðist á þrjátíu, fjörutíu kílómetra hraða.</p>	<p>... það var náttúrulega vitnað í þær, þegar að verið var að ræða um [ee] svo, um rútuferðir og og áætlunarferðir og ferðalög og allt svoleiðis sko. Þá [ee] þá komu þær eins og sjálfkrafa kannski.</p>
<p>... ég hef aldrei [ee] getað fundið [ee] ne, neina sem að hafa, [... sem] hefur grúskað soldið í þessum sögum.</p>	<p>... þær breyttust svona og, og satt að segja hætti ég að hlusta á þær eða hafa eins gaman af þeim þegar að fram í sótti og eftir að ég kynntist mannum sjálfum. ... það var verið að tyggja sömu söguna aftur og aftur.</p>

Tafla 1. Ummæli tveggja viðmælenda almennt um Ólafssögurnar.

Viðtölin ásamt frásögnunum veita innsýn í hvað Íslendingum hefur þótt fyndið á þeim tíma sem sögurnar verða til og þegar þær ganga í framhaldinu. Þó þess sé ekki endilega getið með berum orðum viðmælenda, þá má skynja á sögunum sem þeir segja og frásagnarmáttanum að hluti samfélagsins hefur kunnað að meta eða haft skopskyn fyrir nokkuð kaldranalegum húmor og jafnvel gálghúmor. Kannski hafa fámenni og erfið lífsskilyrði Íslendinga allt fram að seinni heimsstyrjöldinni, ásamt þeirri arfleifið sem í Íslendingasögunum felst, haft þau áhrif að fremur kaldranalegt skopskyn þjóðar þróaðist.

Sagnirnar um Óla Ket, sem og viðtölin í rannsókninni, lýsa harðduglegum Íslendingi sem byrjar með tvær hendur tómar og með framsýni og eljusemi öðlast velgengni. Þær segja frá manni sem var bæði atvinnurekandi og eigið vinnuhjú, lítt skólagenginn en vel sjálfmenntaður, manni sem bauð birginn á gamansaman og hnyttinn hátt bæði háum og lágum, konum og körlum, sérfræðingum og valdamönnum, manni sem var frumkvöðull og framkvæmandi, alþýðumaður og þjóðsagnapersóna í senn.

Lýsingar þeirra viðmælenda sem þekktu Ólaf Ketilsson á manninum sjálfum eru talsvert greinargóðar. Þessar lýsingar verða að teljast nokkuð mikilvægar því sögurnar skoðast best í ljósi þess hvernig maður Óli Ket var. Viðmælandinn Bjarni Harðarson kemst vel að orði varðandi þetta og segir sögurnar vera skoplegri ef maður þekkti Ólaf. Viðmælendur sem þekktu Ólaf gefa nokkuð sambærilegar lýsingar á manninum Ólafi og lýsingar þeirra eru til dæmis þessar: „... dugmikill aldamótamaður“; „... durtslegur en jafnframt hlýr og góður“; „... hrjúfur og hlýr í senn“; „... velviljaður og sanngjarn“; „... ruddalegur en jafnframt hlýr og góður“; „... skemmtilega orðheppinn“; „... fastur punktur í tilverunni sko“; „... þessi mikli jarl af Laugarvatni“; „... man vel eftir þjóðsagnapersónunni“; „... á góðar minningar um Ólaf“; „... nemendur Menntaskólans að Laugarvatni kunnu að meta Ólaf“.

Viðmælendur geta nokkuð um þjónustulund Ólafs, segja hann hafa unnið ómælt í sjálfböðavinnu við persónulegar útréttingar fyrir sveitunga sína og kúnna og til dæmis keypt vasapela fyrir þá fyrir haustréttir. Einnig geta umsagnir viðmælendanna um svokallað fótaleysi Ólafs, að hann hafi lengst af ævinnar verið nánast fótalaus.

Allnokkrar af þessum umsögnum viðmælendanna um Ólaf ganga út á sérleyfisrekstur hans á leiðinni frá Reykjavík og austur til Laugarvatns og nágrennis. Umsagnir þessar geta um hversu vel hann hafi þjónað sérleyfiskúnum sínum, um hvernig hann missti sérleyfið að lokum og um viðbrögð hans og annarra við þeirri aðför

sem sumir vildu kalla. Umsagnirnar segja aðra sérleyfishafa hafa reynt að klekkja á Ólafi, að heimamenn hafi staðið með honum í baráttu hans fyrir að halda leyfinu og að hann hafi slitið tengsl við Laugarvatn eftir missi leyfisins. Einnig eru nokkrar umsagnir viðmælendanna tengdar framkvæmdum Ólafs á Laugarvatni og í Laugardal, til dæmis um það hvernig hann lagði sjálfur veg í Laugardal og seldi síðar ríkinu og að hann lét yfirbyggja tjaldstæði við Laugarvatn.

Margar umsagnanna um Ólaf í viðtölunum fjalla um eitt af hans helstu hugðarefnum, vegamálin. Umsagnir þessar segja hann hafa verið framsýnan í vegamálum, gagnrýninn varðandi þau, segja hann hafa verið sannspáan um slysgildir á vegum, segja hann hafa viljað tvöfalda og fjórfalda vegi og leggja Miklubraut í Reykjavík í stökk áratugum fyrir en farið var að ræða að ráði um slík atriði.

Enn fremur tjáðu viðmælendur sig um hversu Ólafur keyrði áberandi hægt á þjóðvegum, segja hann hafa silast áfram á 30 til 40 kílómetra hraða alla tíð, og hann hafi til dæmis verið heila nótt að aka rútu sinni um 100 km leið með hóp fólks frá Biskupstungum til Reykjavíkur.

Og síðast en ekki síst þá segir í umsögnum viðmælenda að Ólafur hafi ýtt undir sögusagnirnar um sig, hafi sum sé haft gaman af þeim og því að þær væru sagðar manna á meðal.

Auk þess sem frásagnir og umsagnir viðmælenda rannsóknarinnar segja um Ólafssögurnar og persónu Ólafs hljóta þær jafnframt að tjá ýmislegt um viðmælendurna sjálfa og gildismat þeirra. Sá sem segir sögu eða vitnar um tiltekinn aðila hlýtur alltaf að gera það að einhverju eða miklu leyti á eigin forsendum og þess umhverfis og samfélags sem hann hefur lifað og hrærst í. Viðmælendur hafa þannig hver sinn bakgrunn og veganesti, eigin sarp fróðleiks og menntunar, mismunandi kímniáfu, gefa gaum mismunandi fólki, atburðum, frásögnum og lesefni. Þeir sem segja frá hljóta að nefna helst og oftast það sem þeim finnst markvert eða fyndið og segja betur frá því sem þeir þekkja vel af eigin raun.

6. Niðurlag

Aldamótamaðurinn Ólafur Ketilsson tók þátt í samgöngubyltingu þeirri sem hófst á Íslandi á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hann gerðist atvinnubílstjóri og síðan sérleyfishafi og þjónaði sérleyfisleið frá Reykjavík og austur að Laugarvatni í 52 ár. Ólafur þótti athyglisverður karakter, hörkuduglegur, framsýnn, fyndinn, orðheppinn og alls ófeiminn við að segja meiningu sína umbúðalaust við hvern sem var. Fljótlega eftir að hann hóf akstur áætlunarbíla sinna fóru að ganga um hann sögur, eða nánar tiltekið á áratugnum eftir 1930.

Sögurnar af Óla Ket lýsa flestar ef ekki allar samskiptum hans við aðra, farþega, samstarfsmenn, sveitunga, almenning og ráðamenn og við það fólk sem á vegi hans varð. Samskipti þessi sem sögurnar fjalla um áttu sér stað þegar Ólafur var að störfum við flutninga á fólki og varningi, eða var á mannamótum og málefnafundum. Sögusvið sagnanna er aðallega uppsveitir Árnassýslu og Suðurland. Hinar reglubundnu áætlunarferðir hafa vafalítið átt þátt í hversu sögurnar breiddust út, þar sem Ólafur var þar í návígi við almenning, mikið á ferðinni og kom víða við í Suðurlandsfjórðungi.

Sagnirnar um Óla Ket, ásamt viðtölum rannsóknarinnar, lýsa harðduglegum Íslendingi sem byrjar með tvær hendur tómar og öðlast velgengni með framsýni og eljusemi. Þær segja frá manni sem var bæði atvinnurekandi og eigið vinnuhjú, lítt skólagenginn en vel sjálfmenntaður, manni sem bauð birginn á gamansaman og hnyttinn hátt, bæði háum og lágum, konum og körlum, sérfræðingum og valdamönnum, manni sem var frumkvöðull og framkvæmandi, alþýðumaður og þjóðsagnapersóna í senn.

Sagnirnar af Ólafi eru ýmist sagðar í viðtölunum sem reynslusagnir (memorat) eða sögusagnir (fabulat) og stundum hvort tveggja. Flestar ef ekki allar sagnir af Ólafi eru skemmtisagnir (anecdote) eða skrýtlur sagðar af fólki sjálfu sér og öðrum til skemmtunar. Eflaust er ekki hægt að sannreyna margar af sögusögnunum og líklegt að sumar þeirra hafi verið skáldaðar og hermdar upp á hrjúfan og sérstakan persónuleika Ólafs. Sagnirnar eru til vitnis um margt, þær eru heimildir um samfélagið, þjóðlífið, þjóðfélagsbreytingar, atvinnuhætti, staðhætti, samgöngur, vegamál, umferð, ferðamáta, skopskyn Ólafs og almennings, um fólkið sem kom við sögu og þar sögurnar, um Óla Ket sjálfan og margt fleira. Hversu fleygar sögurnar urðu segir til um þann hljómgrunn

sem inntak þeirra og merking fékk meðal fólks, ekki síst hvað þótti fyndið og tvírætt. Sögurnar bera sem sagt kímniáfu Ólafs og annarra glöggt vitni.

Í viðtölunum sem rannsóknin byggist á í voru mér sagðar alls rúmlega þrjátíu sögur, tæpur helmingur þeirra var sagður oftár en einu sinni og nokkrar sögur voru sagðar þrisvar eða oftár. Auk þess fengust miklar upplýsingar um sjálfan manninn Ólaf Ketilsson, því þeir af viðmælendum sem þekktu Ólaf voru spurðir um hann sjálfan. Greinargóðar lýsingar þeirra á honum eru mikilvægar því sögurnar er best að skoða í ljósi þess hvernig maður Óli Ket var.

Heimildaskrá

Rit:

Bjarne Hodne (1973). *Personalhistoriske Sagn: En Studie i Kildeverdi*. Oslo. Universitetsforlaget.

Guðmundur Daníelsson (1988). *Á miðjum vegi í mannsaldur, Ólafs saga Ketilssonar*. Reykjavík. Tákni.

Páll Lýðsson (2006). „Einn vegur í austur - og annar í vestur“, *Árnesingur*, rit Sögufélags Árnesinga 2006; 7. Eyrarbakki. Bls. 117-146.

James P. Leary (2007). *New Legends in Nordic America: The Case of Big Erick Erickson*. Óbirt ritgerð.

Íslendingasögur, fyrra bindi (1985). Ritstjórar Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Reykjavík. Svart á hvítu.

Loftur Guðmundsson (1975). *Hálendið heillar. Þættir af nokkrum helstu örafabílstjórum*. Reykjavík. Bókaútgáfa Þórhalls Bjarnasonar. Bls. 137-155.

Upplýsingar af vefnum:

Skýrsla. Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889-1990. Á vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is Sótt 21. sept. 2007.

Minningargrein eftir Hildigunni Hjálmarsdóttur um Svein Þórðarson, á vef Morgunblaðsins, þann 20. mars 2007, www.mbl.is Sótt 22. sept. 2007.

Umsögn eftir Kyrre Kverndokk. Ariadne. Digital kunnskapsbase ved Det humanistiske fakultet, UiO. Personal Historiske Sagn. <http://www.intermedia.uio.no/ariadne/Kulturhistorie/forskningsomrader/fortelling-og-kultur/folkediktning/sagn/personalhistoriske-sagn> Sótt 22. sept. 2007.

Viðtöl á hljóðdiskum:

Viðtölin eru tekin af undirrituðum vorið 2007, og nú varðveitt á Árnastofnun:

Bjarni Harðarson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 15. febrúar 2007)

Böðvar Magnússon (munnleg heimild, heimildaviðtal, 29. mars 2007)

Dóra Ingvarsdóttir (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. mars 2007)

Einar Gíslason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 6. mars 2007)

Guðmundur Rafnar Valtýsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. apríl 2007)

Hannes Johnsen (munnleg heimild, heimildaviðtal, 16. mars 2007)

Kjartan Helgason (munnleg heimild, heimildaviðtal, 13. apríl 2007)

Kristinn Kristmundsson (munnleg heimild, heimildaviðtal, 14. mars 2007)

Stefanía Ragnheiður Pálsdóttir (munnleg heimild, heimildaviðtal, 6. mars 2007)

1. Viðauki –Listi yfir sögur sagðar í viðtölunum

Afkróaði Eysteinn Jónsson og Gísli Gunnarsson við BSÍ

Aka hægt, aka hægt og aka hægt

Allir út að pissa

Aukaheili fyrir vegamál

Átt þú veginn?

Ellíðaárbrú er dauðagildra

Enginn pakki merktur ég, mér eða mín

Er það í dag eða á morgun

Ég þigg seinni söpann seinna

Geirsbeygjur

Hyggst leggja sig og teppa Brúarárbrú

Já, ég fer alla leið ef það er fólk

Jónas Jónsson ráðherra

Kynfræðsla í skólum

Kýr að fara fram úr þér

Líkkistan

Lækkaði Sogsbrúna

Ólafur og járnkarlinn við Flóaáveitu

Ólafur skammar Kjartan fyrir leti

Ríðandi til Reykjavíkur

Skautahlaupsveðmál

Skál fyrir Steina

Snjóþoki til Vegagerðarinnar

Snýtti sér í húfu Alla

Snæri bundið um ták

Sótti um styrk Viðlagasjóðs vegna barneignar sonar

Tilurð bæjarnafnsins Bitru í Flóa

Verkfallsverðir plataðir á topp rúttunnar

Verkfræðingar pissa upp í vindinn

Það er eftir að leggja veginn til baka

Þegiðu nú kona ég er að vinna

Þú áttir aldrei frá Kleppi að fara

2. Viðauki – Listi yfir umsagnir viðmælenda um Ólaf Ketilsson

Dugmikill aldamótamaður
Góðar minningar um Ólaf
Durtslegur en jafnframt hlýr og góður
Hrjúfur og hlýr í senn
Velviljaður og sanngjarn
Ólafur ruddalegur en jafnframt hlýr og góður
Ólafur skemmtilega orðheppinn
Fastur punktur í tilverunni sko
Þessi mikli jarl af Laugarvatni
Man vel eftir þjóðsagnapersónunni
Ólafur fékk sérleyfi að Laugarvatni
Ólafur hafði sérleyfiskúnna í A flokki
Ólafur kærður og settur í próf
Ólafur lagði sjálfur veg
Ólafur yfirbyggði tjaldstæði á Laugarvatni
Ólafur að störfum
Sá hann oft hjá BSÍ að störfum
Nemendur ML kunnu að meta Ólaf
Nýtti sér aldrei einokunaraðstöðu
Foringi yfir þeim sem hann hafði yfir að segja
Framsýnn, vildi tvöfalda og fjórfalda vegi
Gagnrýndi vegalagningu
Vegakerfið hjartans mál
Uppáhald að komast í tæri við landsfeðurna
Seldi ríkinu veg
Vildi láta leggja Miklubraut í stökk
Sagði Elliðaárbrú í Árbæ dauðagildru
Reyndist sannspár varðandi Elliðaárbrúna
Keyrði hægt á þjóðvegum landsins
Silaðist á 30, 40 kílómetra hraða
Alla nóttina á leið í bæinn
Heimamenn stóðu með Ólafi
Heimamenn studdu sérleyfi Ólafs
Sérleyfið tekið af Ólafi
Sérleyfishafar reyndu að klekkja á Ólafi
Sleit tengslum við Laugarvatn eftir missi sérleyfis
Keypti vasapela í réttirnar fyrir fólkið
Lengst af ævinnar alveg fótalaus
Ólík framkoma miðað við í þjónustu í dag
Ómælt í sjálfboðavinnu við útréttingar
Önnur starfsemi Ólafs
Ólafur ýtti undir sögusagnirnar

3. Viðauki – Listi yfir sögur um Óla Ket sem hver viðmælandi sagði frá

Bjarni Harðarson sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Ríðandi til Reykjavíkur
Þegiðu nú kona ég er að vinna
Aka hægt, aka hægt og aka hægt
Kýr að fara fram úr þér
Þú áttir aldrei af Kleppi að fara
Átt þú veginn?
Afkróaði Eysteinn Jónsson og Gísli Gunnarsson við BSÍ
Geirsbeygjur og rauðmalarkantar

Böðvar Magnússon sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Kýr að fara fram úr þér
Verkfræðingar pissa upp í vindinn
Geirsbeygjur
Elliðaárbrú er dauðagildra
Er það í dag eða á morgun
Tilurð bæjarnafnsins Bitru í Flóa
Sótti um styrk Viðlagasjóðs vegna barneignar sonar
Ríðandi til Reykjavíkur
Jónas Jónsson ráðherra
Ólafur og járnkarlinn við Flóaáveitu
Aukaheili fyrir vegamál
Aka hægt, aka hægt og aka hægt
Já, ég fer alla leið ef það er fólk

Dóra Ingvarsdóttir sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Líkkistan
Lækkaði Sogsbrúna
Verkfræðingar pissa upp í vindinn
Snjópoki til Vegagerðarinnar

Einar Gíslason sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Ég þigg seinni sopann seinna
Snjópoki til Vegagerðarinnar
Enginn pakki merktur ég, mér eða mín
Verkfallsverðir plataðir á topp rúttunnar
Kýr að fara fram úr þér
Átt þú veginn eða?
Ríðandi til Reykjavíkur
Líkkistan
Snýtti sér í húfu Alla

Guðmundur Rafnar Valtýsson sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Ólafur og járnkarlinn við Flóaáveitu

Allir út að pissa
Ríðandi til Reykjavíkur
Skautahlaupsveðmál
Snjópoki til Vegagerðarinnar
Það er eftir að leggja veginn til baka

Hannes Johnsen sagði þessa sögu um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Líkkistan

Kjartan Helgason sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Skál fyrir Steina
Kynfræðsla í skólum
Líkkistan
Jónas Jónsson ráðherra
Ólafur skammar Kjartan fyrir leti

Kristinn Kristmundsson sagði þessar sögur um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Kýr að fara fram úr þér
Líkkistan
Þú áttir aldrei frá Kleppi að fara
Verkfræðingar pissa upp í vindinn
Allir út að pissa
Aka hægt, aka hægt og aka hægt
Það er eftir að leggja veginn til baka
Snæri bundið um tá

Stefanía Ragnheiður Pálsdóttir sagði þessa sögu um Ólaf Ketilsson í viðtalinu:

Hyggst leggja sig og teppa Brúarárbrú

4. Viðauki – Viðmælendur í eiginlegu rannsókninni;

Hvernig viðmælendur tengjast mér eða hvaða aðilar bentu á þá; Staðsetning og tími, lengd og eðli viðtala; Helstu atriði sem upplýsinga var leitað um í viðtölunum.

Viðmælendur – aldur, menntun, störf og tengsl við Ólaf Ketilsson ef við á.

Bjarni Harðarson fæddist árið 1961, ólst upp í Biskupstungum í Árnæssýslu og hefur verið búsettur á Suðurlandi lengst af. Bjarni var sem unglingur nemandi í Menntaskólanum að Laugarvatni frá 1977 til 1981. Bjarni hefur nú nánast lokið námi til BA prófs í þjóðfræði við HÍ. Hann hefur starfað lengi sem fréttamaður fréttablaðsins *Sunnlenska* á Selfossi og er nú útgefandi þess auk þess sem hann rekur kaffihúsið *Sunnlenskt* bókakaffi á Selfossi ásamt eiginkonu sinni. Bjarni var kjörinn til Alþingis vorið 2007 sem annar maður á lista Framsóknarflokksins í Suðurlandskjördæmi. Bjarni Harðarson kynntist Ólafi Ketilssyni þegar Bjarni var nemandi í Menntaskólanum að Laugarvatni.



Böðvar Magnússon fæddist árið 1940. Hann var á sínum tíma bifreiðarstjóri en er nú hættur að starfa sem slíkur. Böðvar kynntist Ólafi Ketilssyni og sérleyfisrekstri hans þegar hann starfaði í þrjú ár sem rútubílstjóri hjá Ólafi.



Dóra Ingvarsdóttir fæddist 30. október 1936. Foreldrar hennar voru Ingibjörg Svava Helgadóttir, uppalin á Hlíðarenda í Fljótshlíð, og Ingvar Þórðarson, uppalinn í Reykjavík en ættaður frá Eyrarbakka. Dóra er fyrrum bankastarfsmaður og bankaútibússtjóri og stundar nú þjóðfræðinám við Háskóla Íslands.



Einar Gíslason fæddist 1939. Einar var um tíma bifreiðarstjóri hjá Ólafi Ketilssyni. Kynntist Ólafi Ketilssyni og sérleyfisrekstri hans þegar hann starfaði sem rútubílstjóri hjá Ólafi.



Guðmundur Rafnar Valtýsson fæddist árið 1937 og er uppallinn í Laugardal í Árnessýslu. Hann er fyrrverandi kennari og skólastjórnandi og bjó lengi á Laugarvatni. Guðmundur var skólastjóri Grunnskólans að Laugarvatni frá 1959 til 1997 og var því lengi sveitungi og nágrenni Ólafs Ketilssonar. Guðmundur ók stundum áætlunarbílum fyrir Ólaf í íhlaupum.



Hannes Johnsen fæddist árið 1967 í Reykjavík. Hannes er yngri bróðir minn og er logsuðumaður. Hann var sem barn og unglingur í sveit á sumrum í Hrunamannahreppi í Árnessýslu og ferðaðist oft með rútu frá Reykjavík og þangað austur.



Kjartan Helgason fæddist árið 1945 að bænum Haga við Apavatn í Grímsnesi í Árnessýslu og er bóndi þar. Kjartan hefur verið búsettur að Haga alla sína tíð. Hagi er nyrst í Grímsneshreppi, mjög nálægt Laugarvatni, þannig að Kjartan var sveitungi Ólafs Ketilssonar um áratugaskeið.



Kristinn Kristmundsson fæddist árið 1937 að bænum Kaldbak í Hrunamannahreppi í Árnessýslu og ólst þar upp. Hann er fyrrverandi kennari og skólastjórnandi og bjó lengi á Laugarvatni. Kristinn var var sem ungur maður nemandi á Laugarvatni, frá 1952 til 1957. Hann varð síðar kennari í Menntaskólanum að Laugarvatni og loks skólameistari þar, frá 1970 til 2002, og bjó þar allan þann tíma. Hann þekkti Ólaf Ketilsson vel og átti samskipti við hann vegna áætlunarferða Ólafs sem og í tengslum við nemendur sína.



Stefanía Ragnheiður Pálsdóttir fæddist árið 1931. Hún er fyrrverandi leikkona. Hún þekkti Ólaf ekki persónulega en kynntist honum lítillega sem farþegi árið 1953 er hún fór austur í sveitir ásamt Biskupstungnafélaginu í Reykjavík til að leika leikrit fyrir Biskupstungnamenn.



Hvernig viðmælendur tengjast mér eða hvaða aðilar bentu á þá.

Bjarni Harðarson: samnemandi minn í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Böðvar Magnússon: fékk ábendingu um hann frá Dóru Ingvarsdóttur þjóðfræðinema og eiginmanni hennar Ólafi Oddgeirssyni bifreiðarstjóra.

Dóra Ingvarsdóttir: samnemandi minn í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Einar Gíslason: fékk ábendingu um hann frá Dóru Ingvarsdóttur þjóðfræðinema og eiginmanni hennar Ólafi Oddgeirssyni bifreiðarstjóra.

Guðmundur Rafnar Valtýsson: fékk ábendingu um hann frá Kjartani Helgasyni, einum viðmælenda minna í rannsókninni.

Hannes Johnsen: er yngri bróðir minn.

Kjartan Helgason: fékk ábendingu um hann frá eiginkonu minni, Sigrúnu Gunnardóttur, en hún og Kjartan eru þremmenningar.

Kristinn Kristmundsson: fékk ábendingu um hann í gegnum eiginkonu mína frá dóttur Kristins, Jónínu Kristinsdóttur framhaldsskólakennara.

Stefanía Ragnheiður Pálsdóttir: fékk ábendingu um hana frá móður minni, Jónu Kristjönu Jónsdóttur hárgreiðslumeistara.

Staðsetning og tími, lengd og eðli viðtala.

Viðtalið við Bjarna Harðarson fór fram þann 15. febrúar 2007 á Selfossi (Árborg), á skrifstofu *Sunnlenska*, Austurvegi 22. Bjarni er hafsjór af fróðleik bæði um Ólaf Ketilsson og sögurnar af Óla Ket auk þess sem hann segir afar skemmtilega frá og tekst vel upp við að herma eftir talsmáta Ólafs, bæði áherslum, tón og flámælg. Bjarni segir mér að hann hafi lært mikið af sögum um Óla Ket í Menntaskóla og sögurnar hafi fylgt sér síðan. Hann segir sögurnar vera skoplegri fyrir þá sem þekktu Ólaf og kemur inn á sannleiksgildi sagnanna. Bjarni segir einnig margt um manninn sjálfan Ólaf Ketilsson. Bjarni segir mér einar átta Ólafssögur og viðtalið við hann tók um tuttugu mínútur.

Viðtalið við Böðvar Magnússon fór fram þann 29. mars 2007 að Hrafnistu (DAS), Hraunvangi 7 í Hafnarfirði. Böðvar hefur frá mörgu að segja varðandi manninn Ólaf og störf hans sem fyrrverandi starfsmaður Ólafs. Hann getur um hversu hægt Óli Ket keyrði á þjóðvegum landsins og hversu mjög Ólafur gagnrýndi vegalagningu. Böðvar segir skýrt og skemmtilega frá og segir mér einar þrettán Ólafssögur og tók viðtalið um 20 mínútur.

Viðtalið við Dóru Ingvarsdóttur fór fram þann 16. mars 2007 á heimili hennar að Stapaseli 13 í Reykjavík. Dóra segir mér lítillga frá manninum Ólafi Ketilssyni, segist muna eftir þjóðsagnapersónunni og oft hafa séð hann hjá BSÍ að störfum. Dóra segir mér fjórar Ólafssögur og viðtalið tók um 5 mínútur.

Viðtalið við Einar Gíslason fór fram þann 6. mars 2007 á heimili hans að Arnarási 8 í Garðabæ. Einar hefur frá ýmsu að segja sem fyrrverandi starfsmaður Ólafs og segir nokkuð frá Ólafi sjálfum og einar níu Ólafssögur eða skrýtlur eins og hann kallar þær og tók viðtalið við hann tæpar tíu mínútur.

Viðtalið við Guðmund Rafnar Valtýsson fór fram þann 16. apríl 2007 í kaffistofu Perlunnar í Reykjavík. Guðmundur þekkti Ólaf Ketilsson alla tíð og segir í viðtalinu frá tengslum sínum við Ólaf, lýsir atvinnurekstri hans, vegagerð Ólafs í Laugardal og segir mér einar sex Ólafssögur og tók viðtalið um 8 mínútur.

Viðtalið við Hannes Johnsen fór fram þann 16. mars 2007 á heimili hans í Stigahlíð 36 í Reykjavík og tók aðeins örfáar mínútur þar sem Hannes segir einungis eina sögu um Ólaf.

Viðtalið við Kjartan Helgason fór fram þann 13. apríl 2007 á heimili hans að Haga í Grímsnesi og Kjartan segir nokkuð frá manninum Ólafi Ketilssyni. Hann segir sögurnar hafa verið sagðar á mannamótum í sveitum og segir mér einar fimm Ólafssögur, þar af eina af persónulegum samskiptum sínum við Ólaf. Viðtalið við Kjartan tók um tíu mínútur.

Viðtalið við Kristin Kristmundsson fór fram þann 14. mars 2007 á heimili hans að Safamýri 73 í Reykjavík. Kristinn reynist vera fróðleiksbrunnur um Ólaf. Hann ber persónu Ólafs vel söguna og greinir m.a. frá samskiptum Ólafs við nemendur ML. Hann segir frá störfum Ólafs, hugðarefnum og segir líka eitt og annað um sjálfar sögurnar almennt. Kristinn segir einar átta Ólafssögur og viðtalið tók um 26 mínútur

Viðtalið við Stefaníu Ragnheiði Pálsdóttur fór fram þann 6. mars 2007 að heimili hennar að Hrauntungu 6 í Kópavogi. Stefanía hafði aðeins frá einni sögu að segja auk

Þess sem hún segir frá upplifun sinni af því að vera farþegi á keyrslu í sérferð hjá Ólafi Ketilssyni í rútu hans. Viðtalið tók aðeins aðeins örfáar mínútur.

Helstu atriði sem leitað var upplýsinga um í viðtölunum.

Fá fram sögur sem gengið hafa um Ólaf Ketilsson rútabílstjóra.

Hlusta á og hljóðrita sögur þessar um Óla Ket.

Fá fram upplýsingar um manninn Óla Ket sjálfan, persónu hans og lífshlaup.

5. Viðauki – Sögurnar í viðtölunum

BJARNI HARÐARSON: Það er nú saga einmitt af menntskælingi, gerist nú að vísu eitthvað aðeins fyrir mína tíð á Laugarvatni og, og ég hef aldrei [ee] getað fundið [ee] ne, neina sem að hafa, [... sem] hefur grúskað soldið í þessum sögum, það hefur aldrei neinn getað nefnt neitt nafn til við mig hvaða, [ee] hvaða nemandi þetta hafi verið. En það er semsagt strákur sem að er að fara í, [ee] það er þar sem er að fara til Reykjavíkur og ee, og þegar það kemur að rúttunni hjá Ólafi þá er er mikil, mikil ös sem sagt þá, þá, oo þar, þar, þar sem hann er að taka fólkið upp í á Laugarvatni, út við skóla, og [ee] frekar og þau, þau eru í faðmlögum þessi, þetta ástfangna unga þar og [ee] frekar en að vera að bí, bíða í röðinni eftir að fá að borga karlinum þá [ee] labba þau bara beint aftur í aftasta sætið. Og [ee] [hóstar] [ee] eiga þar mjög góða stund, í aftasta sætinu. Eins og við vitum þá er aftasta sætið í rúttunni, það er svona svolítið í skjóli, svona í, í rútu þar sem að þar sem að fólk er ekki mikið á ferðinni, að þá veit kannski enginn hvað gerist í aftasta sætinu nema bílstjórinn sem getur fylgst með í speglinum. Það er sagt að Ólafur hafi stillt spegilinn þannig og haft mjög gaman af og sést glotta mjög á leiðinni suður. En þegar hann er kominn á Umferðarmiðstöðina, þá labbaði þessi strákur fram í til Ólafs og, og ætlaði sér auðvitað aldrei að svindla sér með heldur ætlaði hann núna að gera upp ferðina, og segir við Ólaf: „Ólafur, hvað skulda ég þér mikið?“ Og þá svaraði Ólafur með þessari, þessari [ee] [ee] hrjúfu, skemmtilegu rödd sem hann hafði: „Þú skuldar mér ekkert venur, þið komuð ríðandi í bæinn.“ [hermir eftir]

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Einu sinni var Ólafur að keyra til Reykjavíkur og þá, þá var eiginlega engir farþegar í rúttunni en hann tók upp þarna nálægt Laugarvatni og, og keyrði til Reykjavíkur með það. Það, þau fóru að láta vel að sér, að hvert, hvor öðru í aftursætinu og Ólafur sást fylgjast með því eitthvað í, í speglinum. Þegar að til Reykjavíkur kemur þá, þá spyr herrann hvort hann eigi ekki að greiða, borga eitthvað fyrir farið. Og þá seg, sagði Ólafur sem svo „Ég er nú ekki vanur að taka gjald af þeim sem fara ríðandi til Reykjavíkur.“

EINAR GÍSLASON: ... Varla hægt að setja svona á blað, ég setti hana hérna fyrir neðan. Það er þegar hann var á hlaðinu heima hjá sér og [ræskir sig] og þurfti að fara sko ekki á áætlun, heldur bara með einhvern tóman bíl í bæinn. Og hann er kominn upp í rúttuna og er að setja í gang þegar að kemur þar hlaupandi til hans: „Heyrðu, ert ertu

að fara í bæinn?“ „Já“ segir Ólafur. „Já, megum við ekki sitja í í bæinn?“ „Já, já, það er allt í lagi.“ Og hann neitaði aldrei farþega um að fá að fara með þó hann væri ekki í áætlun.

JÓN KRISTJÁN JOHNSEN: Nei, nei.

EINAR GÍSLASON: Svo fer hann bara sko Þingvallaleiðina í bæinn, og þegar hann kemur upp á upp á Gjábakka eða upp að Laugardalshellum á Gjábakka, þá sér hann það að það er eitthvað fjör orðið komið þarna í aftasta sætinu. Eitthvað meira að ske en svona venjulega í rútunni. Svo þegar þau koma í bæinn að þá kemur strákurinn fram í og segir: „Já, hvað kostaði þetta?“ „Þetta kostar ekki neitt, þið komuð ríðandi í bæinn.“
[hermir eftir]

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Svo var það einhvern tímann að Ólafur var að keyra skólafólk til Reykjavíkur og í aftursætinu var mjög ástfangið par og, og Ólafur kíkti svona í baksýnisspegilinn annað slagið og sá að það var mikið um að vera þarna í aftursætinu og lét það gott heita. Að þegar að, þegar komið er til Reykjavíkur, þá gefa þau sig fram við Ólaf þarna parið og segja: „Ólafur, við áttum eftir að borga farið.“ Þá sagði Ólafur: „Þið þurfið ekkert að borga. Ég hef aldrei vitað til þess að menn þyrftu að borga fyrir það að ríða til Reykjavíkur.“

BJARNI HARÐARSON: Og [[ee]] og [[ee]] [marr í einhverju] einmitt mikið af þessum sögum um Ólaf tengjast þessu aksturslagi hans og og frægt er, fræg er, fræg er sagan af, af því að [[ee]] að strákur situr aftarlega í rútunni og ,og segir, kallar aftur í, í Ólaf af því að honum blöskrar hvað hann fer hægt: „Það er belja að fara fram úr þér Ólafur.“ og og Ólafur svarar að bragði: „Já, taktér, taktér far með henni vinur.“

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Það er nú kannski best að byrja á þessari sögu sem að allir hafa heyrt mörgum sinnum og oftast er sögð af Ólafi. Það er þegar hann var að fara upp Kambana, hérna gömlu Kambana sem voru mjög hlykkjóttir, að þá keyrði Ólafur náttúrulega mjög hægt upp Kambana. Og þó að hann keyrði nú hægt á þjóðvegum landsins, þá keyrði hann hvergi hægar en í Kömbum. Og svo var það einhvern tímann að hann var á leið upp Kambana, og þá, þá fer bíll fram úr og þá kallar einhver sem er aftarlega í rútunni: „Ólafur, það er bíll að fara, það er belja að fara fram úr þér.“ Og þá svaraði Ólafur um hæl: „Taktu þér far með henni.“

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Og [ee] það var æfinlega þessi saga, sko, Kýrin er að fara fram úr þér og ... taktu þér far með henni. Þetta er saga sem hefur, búið er að vera að segja náttúrulega aa, aftur og aftur.

EINAR GÍSLASON: Nú, allir þekkja nú söguna um beljuna. Það eru tvær sö, tvær útgáfur af henni. Það er drengur sem, drengur sem að var í bílnum og honum þótti hægt ekið. Hann kallaði til Ólafs: „Heyrðu það er belja að fara fram úr þér Ólafur.“ „Hvoru megin?“ [hermir eftir], sagði sá gamli. Hin sagan segir „Taktér þá far með henni.“ [hermir eftir]

BJARNI HARÐARSON: Ein af þessum Ólafs sögum er nú, [dæsir] sem ein, ein, ein, ein af [ee] svona þe, þessum, þessum hérna [ee] kannski frægustu og, og frægari Ólafs sögunum og á sinni tíð lifði í mörgum myndum, er þessi saga af því að Ólafur hann, sem tengist því að Ólafur keyrði mjög hægt. Hann hafði þrjú boðorð í umferðinni og segir frá þessu sjálfur í viðtölum að hann hafi í rauninni farið eftir þremur reglum í, í, í, í öllum sínum öikumannskerli, sem hann taldi vel yfir hálfu öld og, og var slysalaus alveg allan tímann. Fyrsta reglan var sú að hann keyrði hægt, önnur reglan var sú að hann keyrði hægt og þriðja reglan var sú að keyra hægt. Og þessu fylgdi hann algerlega og ég varð sjálfur vitni að því í rúttunni hjá honum þegar hann keyrði til dæmis í gegnum hringtorg og án þess að far, [ee] virða í rauninni nokkuð sem hét reglur um í sambandi við það hvernig eigi að fara í hringtorg eða reglur um það [ee] hvernig [ee] aa, hringtorgi er skipt upp í tvær akreinar. Þetta skipti í rauninni engu máli vegna þess að hann fór eftir þessari reglu að keyra hægt, þá geturðu gert þetta, þá, þá, þá geturðu í rauninni horft fram hjá öllum öðrum reglum, að það gerist aldrei neitt, en, alla vega á þeim tíma, auðvitað hefur nú umferðarmenningin heldur [ee] sko aukist hraðinn í henni [ee] [ee] en, sí síðan frá 1980 því miður.

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Það er eitt af því sem haft er eftir honum er að boðorðin þrjú voru, voru að aka hægt og aka hægt og aka hægt. Þetta er líka vel þekkt, þekkt saga.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Ég, hérna, lærði á bíl hjá Ólafi Ketilssyni og þá lagði hann ríka áherslu á að, að nemendur lærðu þrjú boðorð, sem að alveg, fyrsta skilyrðið sem nýir öikumenn urðu að kunna, og fyrsta boðorðið er að keyra hægt, annað boðorðið er að

keyra hægt þriðja boðorðið er að keyra hægt. Þannig að þetta var nú ekkert flóknara en þetta sko. Svo var það nú hérna, og það vita allir, allir sem þekktu Ólaf, að hann fór alla vega eftir þessum boðorðum.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Já, jú, Ólafur keyrði alltaf hægt og einu sinni, þá var hann, það brann þakið á fjóshlöðunni á Laugarvatni. Og þetta var um hávet, eða haust, seint um haust og lá mjög mikið á að gera aftur yfir tóftina. Þannig að það var fenginn smíðaflokkur úr Reykjavík, og Ólafur fór suður til Reykjavíkur að sækja smíðahópinn, smíðina. Og svo þegar að þeir eru lagðir af stað austur um morguninn, þá segir hérna, kallar einhver til Ólafs: „Ólafur, hvenær verðum við komnir austur?“ Og Ólafur segir: „Klukkan ellefu.“ Og þá se, segir, segir hinn: „Er það í dag eða á morgun?“ Og þá, Ólafur svaraði því ekkert, en þegar þeir lentu á Laugarvatni, á hlaðinu, þá s, segir Ólafur: „Hvað er klukkan?“ „Hún er ellefu.“, segir þá einhver í bílnum. „Er það í dag eða á morgun?“ sagði Ólafur.

BJARNI HARÐARSON: Og [ee] ein sagan er einmitt af Þórði Sveinssyni [ee] föður hérna Gunnlaugs Þórðarsonar og þeirra miklu snillinga Úlfars, og Þórður Sveinsson var læknir á Kleppi og hann hann lendir svona fyrir aftan Ólaf og og [ee] hér [ee] líður mjög langur tími þangað til einhvers staðar á Laugarvatnsafleggjaranum að hann kemst loksins fram úr og þegar hann er þegar hann er kominn fram úr þá snarstoppar hann bílinn og þá er hann orðinn svo reiður karlinn að hann ákveður að veita Ólafi almennilegt tiltal fyrir þetta og, og [ee] st, stoppar bílinn þvert fyrir veginn þarna, og Ólafur verður að stoppa rútna, og kemur svo að henni og byrjar að ausa út úr sér [ee] sk, skömmum á Ólaf og þegar hann er búinn að þessu svolitla stund og, og verður svona smámálhvíld hjá honum, þá rekur Ólafur út sitt gráa höfuð og segir: „Já Þórður, þú hefðir aldrei átt af Kleppi að fara og vertu sæll.“

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Sko, ein saga varð til þegar ég var nemandi þarna á Laugarvatni, sem mér þótti nú býsna góð og ekki, þeim mun betri fyrir það að ég er alveg nýbúinn að heyra, heyra söguna úr annarri átt, mjög skemmtilega. [ee] þú hefur sjálfsgagt heyrt þá sögu þegar að doktor Sveinn heitinn Þórðarson, sem nú er nýlátinn, var skólameistarinn minn á Laugarvatni, hann, hann [ee] ók [ee], átti sjálfur bíl, sem var nú ekkert sérstaklega algengt þarna á sjötta áratugnum, og ók sjálfur. Og [ee] sagan eins og hún gekk og hefur gengið, það eru all, öll þessi ár síðan sem ég hef heyrt hana sagða

á, á ýmsan hátt. Hún var í aðalatriðum þannig að, að [ee] Sveinn mætti Ólafi á rútu hans og Ólafur ók á miðjum vegi eins og hann gerði jafnan og og og þrætti ekki fyrir að hann hefði gert. Og [ee] Sveinn sá sér ekki annað fært til þess að forðast árekstur en að aka út af, út af veginum. Og eins og menn þekkja þá er Sveinn Þórðarson fæddur og uppallinn á Kleppi, hann var sonur yfirlæknisins á Kleppi, Þórðar Sveinssonar, var einn af, einn af þeim, einn af þeim systkinum. Hann var bróðir Úl, hérna Ú, Úlfars augnlæknis, [ee] Agnars rithöfundar og Gunnlaugs, Gunnlaugs Þórðarsonar og þeirra bræðra. Og [ee] einhverra hluta vegna á nú Sveinn, hefur nú Ólafur líklega stöðvað [ee] bílinn. Sagan sagði nú reyndar að Sveinn hefði nú hlaupið til og, og lamið í hann og, lamið í bílinn til þess að væri víst að hann næði, næði tali af Ólafi, ein sagan var þannig, en hún, hún er nú tæplega rétt. En hann hefur alla vega stöðvast til þess að vita hvort, hvernig [ee] hvernig fólksbílnum hefði nú reitt af. Og [ee] þá er ss sagt að Sveinn hafi [ee] verið mjög reiður og hellt sér yfir Ólaf fyrir þennan ógætilega akstur og fyrir að aka þarna á miðjum veginum svo að ekki væri hægt að mæta honum og, og nú Sveinn gat verið dálítið stórorður þegar, þegar hann reiddist og [ee] lét að því er sagan sagði dæluna ganga nokkra stund og, og þangað til [ee] loksins að Ólafur fékk orðið, hann hann þagði og hlýddi á og svaraði ekki fyrr en, fyrr en Sveinn þagnaði. Og þá sagði Ólafur eftir því sem sagan segir: „Það er sem ég segi, þú áttir aldrei frá Kleppi að fara.“

BJARNI HARÐARSON: Og önnur saga af af þessu sama, er [ee] af algerlega sambærilegu atviki, er að þá er hann á, á veginum inn frá Laugarvatni inn að Miðdal og þar er vegur sem að Ólafur hafði mikla ást á og [ee] var þannig til kominn að þegar hann kemur að Laugarvatni að þá [ee] er staðurinn eiginlega ekki kominn í vegasamband. Og Ólafur [ee] verður nú kannski, sem sagt verður þessi mikli jarl af Laugarvatni, vinnur mjög vel fyrir því, vegna þess að hann er sá eini sem að sem að [ee] treystir sér almennilega í það að flytja efnið í héraðsskólann og berst í því þegar aðrir hafa gefist upp, sest síðan að þarna, og seinna þá verður það hans verk að leggja veginn inn Laugardalinn, sem sagt inn að Miðdal, og taldi sig alltaf eftir það eiga þann veg. Auðvitað var hann síðan í, í áranna rás oft á tíðum endurbyggður og, og lagfærður af, af [ee] Vegagerðinni. Ég hygg nú þó að hann hafi nú ekki verið kominn með malbik fyrr en eftir að Ólafur var farinn frá Laugarvatni, en, en orðinn alla vega mj, allt annar vegur en í í upphaf upphafi var, en Ólafur hann gekk aldrei að því gruflandi að hann ætti þennan veg. Og [ee] þegar einhvern tímann að hann, hann er stoppaður með þessum hætti á þessum vegi, að þá, [ee] af manni sem að hann er búinn að, sem er búinn að vera

lengi fyrir aftan hann aa, og sá byrjar að skamma hann [ee] þá, þá svaraði Ólafur honum [ee] að bragði: „Átt þú veginn? Eða á ég hann?“ „Ef þú átt hann, farðu þá með hann.“

EINAR GÍSLASON: Nú, [ee] síðan hérna ein þegar að hann var að keyra í rólegheitum frá Laugarvatni inn, inn Laugardalinn og það fylgdi honum bíll sem vildi komast fram úr, en það sem Ólafur var nú eitthvað, var nú illav, Ólafi var nú illa við að hleypa bílum fram úr þegar að það voru nú ekki nægjanlega góðir vegir og aðstæður ekki nægilega góðar, þá, það, hann hélt nú bara áfram alveg inn að Böðmóðsstöðum. Þegar hann stoppar þar og hleypir þar út fólki eða pökkum eða tekur þakka út eða hvað sem það nú var. Þá kemur þessi bílstjóri askvaðandi og segir: „Óli, hvernig er það með þig maður, átt þú veginn eða hvað?“ „Já, svo er guði fyrir að þakka.“ [hermir eftir] En Ólafur kostaði þessa vegalagningu og og lánaði Vegagerðinni fyrir þessu, svo að hann átti veginn þarna.

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Hann hafði [ee] [ee] mikinn áhuga á vegamálum og vegalagningu og lagði meðal annars sjálfur veg upp í Laugardal, frá Laugarvatni og inn að, inn að Skillandsá, keypti jarðýtu og lét ýta þarna upp veginum og þetta er svona, [ee] ja, með því fyrs, sjálfsagt með því fyrsta sem vegalagning var unnin í, [ee] í einka, einkalagningu og einkaframtaki, en Vegage, Vegagerðin keypti veginn af honum.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Og ég minnst þess að, að hérna það var lengi sem að Ó, og hann vann lengi mjög að vegaf framkvæmdum og lagði til dæmis á eigin kostnað fyrsta upphlaðna veginn á milli Laugarvatns og Hjálmsstaða. Hann keypti jarðýtu og, og hérna lagði þennan veg og hann fékk bændur til þess að vinna með sér í þessu upp á væntanleg laun ef hann fengi einhvern tíma greitt fyrir þennan veg og það voru allir til í það. Og það var ekki fyrr en mörgum árum seinna að vegurinn varð tekinn inn í þjóðvegakerfið, að [ee] viðurkenndur af ríkinu, og þá loksins fékk Ólafur greitt fyrir veginn og gat gert upp við bændur. Og þessi vegur er ennþá undirstaða undir þann veg, sem liggur þarna á milli, Laugavatns og Hjálmsstaða, áður lá, þarna var alltaf gamli kóngsvegurinn sem lá inni í skóginum og varð náttúrulega ófær alveg eins og skot þegar fyrsti snjór kom.

BJARNI HARÐARSON: Þannig er sagan af, saga ein sem að gerist einhvern tíma snemma á á árunum eftir að [ee] [ee] nýja umferðarmiðstöðin er tekin í notkun, [ee] rétt upp úr miðri tuttugustu öldinni, [ee] að þá eru þeir staddir niðri á niðri á BSÍ Ólafur og og Bjarni Sigurðsson frá Haukadal, sem að, [ee] sonur Sigurðar Greipssonar, og mjög lengi bílstjóri hjá Ólafi og að mörgu leyti mikill snillingur, Bjarni, tónlistarmaður og, og, og, og margt til lista lagt, en það var svona alltaf mjög áberandi í, í þeirra samskiptum. Bjarni var ennþá að keyra hjá Ólafi þegar að ég var á Laugarvatni, það var alltaf mjög áberandi í þeim, þeirra samskiptum, svona hvor var foringinn og hvor var, hvor var þjónninn og, og það var kannski yfirleitt í samskiptum Ólafs. Ólafur var [ee] foringi hvar sem hann fór og fyrir því fólki sem hann hafði yfir að segja, það fór ekki milli mála. Og þarna eru þeir að fara, fara austur og, og það er búið að fylla rútu, rútuna af fólki og [ee] kemur í ljós að það er eitthvað að bremsunum, þær gefa þa, það er hreint eins og að allt sé farið út af þeim. Og [ee] og það er náttúrulega [ee] ómögulegt að fara á bílnum svoleiðis austur fyrir fjall og það er hringt í bifvélavirkja sem koma og, og skriða undir bílinn eins og bifvélavirkjar gera og, og, og hérna komu undan honum aftur og kveðja í skyndingi og, og segjast vera búnir en Ólafur vill ekki treysta þessu alveg að óséðu og [ee] segir Bjarna að hann eigi að, hann eigi að fara og, og, og, og prófa rútuna: „Fa, fa, fa, farðu hring Bjarni, farðu hring.“ [hermir eftir] segir Ólafur og, og, og hérna, og meðan Bjarni [hósti] er að þessu að þá gerist það að Ólafur er þarna á vappi við Umferðarmiðstöðina og sér þá að það koma tveir höfðingjar labbandi þarna eftir gö, göngustígnum fyrir ofan Umferðarmiðstöðina, þeir Eysteinn Jónsson, þá nýlega hættur á þingi, fyrrum formaður Fra, Framsóknarflokksins og Gísli Gunnarsson sem að hafði líka setið á þingi og, og þetta var eiginlega, þetta var uppáhaldið hjá Ólafi, það var að komast í tæri við landsfeðurna, þó að þessir hafi nú kannski verið svona mikið til hættir að að stjórna, þá voru þetta áhrifamenn engu að síður og, og báru ábyrgð á stjórn landsins mjög lengi. Ólafi var þetta alltaf mikið, mikið keppikefli að, að, [ee] að tala yfir svona fólki. Hann var í rauninni, ég sá þetta nokkrum sinnum í, í samskiptum Ólafs við, við höfðingja, hann [ee] við, við þá sem voru kannski svona yfir honum settir í samfélaginu, að hann talaði ekki við þá eins og maður við mann hann talaði algerlega yfir slíku fólki. Við okkur krakkana þá gat hann eimitt talað og hann hafði gaman af að heyra svona okkar sjónarmið og hlustaði á okkur menntaskólakrakkana og það var kannski út á það sem hann fékk mjög mikla aðdáun hjá okkur alltaf. Og [ee] og, og, og við héldum mjög mikið upp á hann. Og þarna þá, þá sér Ólafur að hann, hann, ef hann hraðar sér, kominn á sína tvo stafi, hann var í rauninni lengst af ævinnar alveg fótalaus,

ó, ónýtur í honum liður. Það var helst undir síðustu árin sem hann var skárri að sumu leyti, eftir að það var farið að skipta um þetta. En hann er með tvær, á tveimur hækjum þarna og skálmur með þeim upp að upp að stígnum, þar sem karlarnir eru að koma og nær fyrir þá, þetta er eins og þú sért að hlaupa fyrir óþekkar kindur sko, þú verður að ná áður en þær fara af veginum, annars ertu búinn að missa þær. Og Ólafur nær þessu og, og byrjar að lesa yfir þessum körlum, og heldur stöfunum svona vel frá sér þannig að ga, göngustígurinn, þessi afmarkaði göngustígur, sem auðvitað svona séntilmenn eins og, eins og Eysteinn Jónsson og Gísli, [ee] færú auðvitað ekkert að labba annars staðar, þannig að þeir eru auðvitað algerlega innikróaðir afkróaðir af Ólafi og eiga sér enga undankomu, þeir verða bara að standa undir þessum lestri, um aðallega vegakerfið. Ólafur hafði alltaf mjög miklar skoðanir á vegakerfinu og kannski var hann þar mjög framsýnn, hann vildi alla vega tvöfalda og fjórfalda vegi, langt umfram það sem að menn töldu, ee aðrir töldu fært að gera á þeim tíma. [sýpur á] Og hérna, og þegar hann er ekki nema svona rétt hálfnaður í ræðunni, þá kemur Bjarni og, [ee] og, og byrjar svona að, að pikka í Ólaf [aa], [aa] og reynir að ná einhverju sambandi við hann, en Ólafur er alveg óstöðvandi, eins og, það þegar, hann Ólafur, talaði svona, þá var hann algerlega eins og foss, og það, þá, þetta var flaumur þar sem var aldrei nein glufa í og það var voðalega erfitt að koma orði að. Og Bjarni er búinn að vera að reyna nokkrum sinnum og reyna að tala oní Ólaf svona, oní þennan orðaflaum, og segja við hann: „Ólafur rútan er alveg eins, rútan er alveg eins.“ og [ee] hérna Ólafi fer að leiðast þetta, þetta er eins ss, sé einhver fluga að angra hann, þar sem hann er að þessu, svo hann, [hóstar] hann veit líka að hann má ekki nein, nei, neitt missa sko, hann má ekkert hleypa körlunum fram hjá og helst ekki hleypa þeim að, því að þá getur þetta einhvern veginn sko, þá getur hann misst þennan þráð, þá getur hann misst þá úr hendi sér. Hann var þarna kominn með mikinn drátt í hendi, og þetta þekkjum við í samskiptum manna, manna sem liggur mikið á hjarta, þeir, þeir þurfa að koma sínu frá áður en þeir eru stoppaðir af og, og hérna, og til þess að missa nú ekki Gísla og Eystein, að þá, þá hallar Ólafur svona annarri hækjunni soldið vel frá sér þannig að hún nær vel út fyrir göngustíginn og snýr sér við svona rétt til hálf, að, að Bjarna, og, og se, og segir svona mitt á milli þess sem hann er að tala um Geirsbeygjurnar og, og, og, og rauðamalarkantana og, og, og, og öxulþungann í landinu: „Bjarni, Bjarni, farðu annan hring.“ [hermir eftir] Svona er þetta.

BJARNI HARÐARSON: Og ein af þessum sögum sem, [ee] sem mér var sögð einmitt fyrir nokkrum árum sem til marks um það hvað hann gat verið dónalegur, að [ee], þetta var meðan [ee] rútuafgreiðslan var ennþá niðri í, niðr í miðbæ og [ee] þar sem allt var öðru vísi þá í þessum samgöngum, þá var [ee] eiginlega allt saman sett á, á toppinn á bílunum og [ee] Ólafur þá ennþá í fullu fjöri, þannig að, hann, hann fór, er, er uppi á þaki að, að bardúsa í, í, við, við að binda niður á toppgrindina og kemur svona fín frú og [ee], og byrjar að, [ee] og stendur fyrir neðan bílinn og þetta eru nú ekki [ee], þetta voru nú ekki háir bílar, það var auðvelt að tala við mann sem var uppi á þessum, [ee] uppi á bílnum að vinna, og fer að spurja hann út í áætlunina, hvenær rútan fari suður og hve, austur og hvenær hún fari suður aftur og og og Ólafur svarar þessu ekki lengi vel og, og segir svo við konuna þegar hún er búin að láta móðan mása [ee] svolitla stund: „Þegiðu nú kona, ég er að vinna.“ [hermir eftir] Og þessi fína frú hún, hún [ee] verður náttúrulega eðlilega svolítið hvumsa við, en, en þarf nú á því að halda að komast með rútnni og, og, og lætur sig nú hafa það að, að bíða þarna áfram. Og þegar Ólafur er búinn að binda allt niður á bílinn, þá, þá labbar hann [ee] la, fer hann niður og, og, og, [ee] og gengur að þessari fínu frú og byrjar að gera það sem að, ee sko við, þú manst ábyggilega eins og ég, en maður sér þetta alls ekki [ee] í dag en, en maður sá soldið hjá þessum gömlu mönnum, hjá þessum mönnum af aldamótakynslóðinni, og kannski jafnvel aðeins yngri. Hann byrjaði svona að, að, að girða sig, með miklum tilburðum, hneppir frá buxurnar og, og, og, og, og öllu svona vel niður og byrjar að laga þetta allt saman og meðan hann er að þessu og með allt saman alveg flaksandi opið þá stillir hann sér upp fyrir framan þessa fínu konu og segir: „Talaðu nú kona.“

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Nú svo hérna, var, var hérna Ólafi mjög mikið hjartans mál allar vegaf framkvæmdir. Og, og ég minnst þess að, að, og vil halda því til haga, að þegar að verið var að leggja Miklubrautina á sínum tíma, frá Snorrabraut og inn, inn að Elliðaám, þá barðist Ólafur mjög mikið fyrir því og skrifaði margar greinar í blöð um það að það ætti að leggja Miklubrautina í stökk. Og, og hann sagði að það yrði ekkert, yrði ábyggilega ekkert dýrara, því það var gífurleg uppfylling. Þetta var alveg fúamýri þarna á löngum köflum, sem þurfti að fylla með mól, og það er ákkúrat það sem verið er að tala um í dag, þarna fjörutíu árum seinna, að nú þurfi að fara að leggja Miklubrautina í stökk. Það hefði betur verið hlustað á Ólaf þá.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Eins er það að, að hérna með Elliðaárbrúna, sem er þarna frá Árbæjarhverfinu og þarna ofarlega í Elliðaánum, tiltölulega nýleg brú, og Ólafur sá strax að þetta væri hérna mjög hættuleg brú, þetta væri s, sko slysagildra, vegurinn væri vitlaust hannaður að brúnni og það yrði örugglega einhvern tíma dauðsfall þarna á þessari brú, eða við, því vegurinn væri svo illa hannaður. Og hann sagði mér það, ég sat einu sinni hjá honum þarna, eftir að hann var fluttur í Sunnuhlíð í Kópavogi, eitt kvöld og, og þá var hann, umræðuefnið var nú yfirleitt alltaf vegamál, og þá var hann að segja mér frá því að hann hefði skrifað öllum þeim sem hann gæti ímyndað sér að hefðu með málið að gera, hann hefði skrifað forseta Íslands, hann hefði skrifað borgarstjóra, hann hefði skrifað vegamálastjóra, hann hefði skrifað helstu verkfræðingum, bæði hjá Vegagerðinni og borginni, og bent öllum á það að það yrði að gera eitthvað í þessu, það yrði, þetta væri dauðagildra þarna, við þessa brú. Og svo undarlega vildi til að ákkúrat þetta sama kvöld og ég sat hjá Ólafi og hann var að segja mér þetta, þá varð fyrsta banaslysið við þessa brú. En ég man ekki hvort það hefur orðið annað banaslys. En síðan var lagt, sett handrið þarna á veginn, að brúnni til þess að forða fleiri slysum. En þetta sá Ólafur og hefði betur verið farið að ráðum hans.

DÓRA INGVARSDÓTTIR: Einu sinni keypti Ólafur rú, ýtu og strætisvagn í Reykjavík. Það stóð þannig á að það var eignakönnun í gangi og sennilega vildi Ólafur fela eitthvað af peningum og fjárfesta frekar í þessum tækjum. Nú það var ekki annað en til ráða en að aka ýtunni sjálfur austur frá Reykjavík, yfir Hellisheiði að Laugarvatni, og hann tók ofan nokkrar brýr á leiðinni, þar sem þær voru of mjóar fyri, fyrir ýtuna. Jafnvel hefur verið hvíslað að mér að hann hefði lækkað Sogsbrúna. Síðan, nokkru seinna, var fundur um samgöngumál á Laugarvatni og þar tókust þeir á, Egill í Sigtúnum og Ólafur Ketilsson. Var þetta mjög mikill fundur og þeir báðir mjög gagnorðir.

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Það er, miklu seinna er mér minnisstætt, þar var, ég var þá búinn að vera í skólastjórn á Laugarvatni mjög lengi. Þá hitti ég Ólaf einu sinni sem oftast. Og þá var nýbúið sem oftast, það, nýbúið að leggja olíumöl á allan veginn frá Reykjavík og austur að að Selfossi. Ég held að þetta hafi ekki verið komið upp að Laugarvatni þá, ég held, það mun hafa verið áður, svona kringum 1980 eða eitthvað svoleiðis. Og og ég leyfði mér að segja við Ólaf að nú væri mikil stund og góð upprunnin, að þetta væri nú meiri munurinn. Ólafur þagði svona við fyrst, sagði lítið, og

sagði svo [hermir eftir]: „Já, það má nú segja það, nú er búið að leggja veginn austur. En það er alveg eftir að leggja hann suður.“

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Þegar búið var að leggja veginn til Keflavíkur, þá sagði Ólafur að, var búið, þegar að búið var að malbika þarna suður til Keflavíkur, þá sagði Ólafur að nú væri búið að leggja veginn til Keflavíkur en það væri eftir að leggja hann til baka. Og það er einmitt það sem verið er að gera núna, á, þessa dagana, leggja veginn til baka frá Keflavík.

DÓRA INGVARSDÓTTIR: Svo ætla ég að segja ykkur eina sögu sem maðurinn minn sagði mér um Ólaf. Hann stóð náttúrulega alltaf í þessum ferðalögum frá Bje, frá Reykjavík og austur yfir fjall og Hellisheiðin var oft erfið. Oft var illa hreinsaður snjór á Hellisheiði, sem olli bifreiðarstjórum og farþegum miklum erfiðleikum. Og Ólafur var alltaf að stríða við Vegagerðina að fá aðstoð í þessum eignum. Einu sinni kom Ólafur með snjó í poka og sturtaði honum á borðið hjá vegamálastjóra. Og vegamálastjóri spyr: „Hvað er þetta?“ „Snjór“, segir Ólafur, enda orðinn þreyttur á snjónum.

EINAR GÍSLASON: Nú [ræskir sig] sem oft var Hellisheiðin ófær og mjög erfið og, og reyndar, og, og hann var leiður að þurfa að keyra Þrengslin. Og hann átti lengi í basli með það að fá þá til að hreinsa Hellisheiðina, þó oft held ég að það hafi orðið ástæða til, og þeir sögðu alltaf: „Við erum að senda mann til þess að skoða snjóinn.“ Og alltaf var Hellisheiðin lokuð. Ólafi leiddist þófið svo hann tók snjó í poka, labbaði niður á skrifstofu hjá vegamálastjóra með pokann á öxlinni, hvolfdi úr honum á gólfið þar og sagði: „Hér er snjór handa ykkur að athuga.“ [hermir eftir]

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Ólafur var oft í, í útistöðum við Vegagerðina og honum fannst [ástundun] slæg við snjómokstur á Hellisheiði. Einu sinni heyrir hann í útvarpinu að þeir séu að athuga snjóalög á Hellisheiði, og hann er þar á ferð og, a, að key, keyra yfir og þá brá hann sér út með poka, mokaði snjó í hann, keyrði svo til Reykjavíkur [ee] fór upp á skrifstofu hjá Vegagerðinni, snaraði pokanum inn á gólf og sagði að nú gætu þeir athugað snjóinn á Hellisheiðinni, hann væri kominn með hann.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Eins hérna, var hann mjög oft að krítisera vegalagningu um landið, sérstaklega á tímum þegar að Geir vegamálastjóri var vegamálastjóri. Og þá kallaði hann yfirleitt svona krappar beygjur á veginum, það voru Geirsbeygjur. Er ekki í lagi með það?

EINAR GÍSLASON: Nú [ræskir sig] hann átti nú oftast í viðureignum við, við vegamálastjóra og, þess vegna sagði hann það með, þetta var nú Geir sem var þá vegamálastjóri, að það væri tvennt líkt með honum og guði almáttugum. Að það væri það að vegir guðs væru órannsakanlegir en vegir Geirs óskiljanlegir.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Svo er það sagan af, margar sögur af, af hérna verkfræðingum og Ólafi. Ólafur sagði að það væri mjög auðvelt að þekkja verkfræðinga, því ef þú sérð mann sem pissar upp í vindinn þá er það verkfræðingur.

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Sjálfsagt hef ég heyrt, heyrt eitthvað fleira eins og Ef þú sérð mann pissa upp í vindinn þá er hann verkfræðingur, þetta er oft haft eftir honum.

DÓRA INGVARSDÓTTIR: Nú, svo þekkja nú flestir söguna um að ef það er einhver herra sem er að pissa upp í vindinn, þá er það verkfræðingur. Ég veit að margir kannast við þessa sögu.

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Og, og svo er náttúrulega þessi sígilda saga, það er, hann hérna, þegar að, þegar að fólk sem var að ferðast með honum hafði setið lengi og þurfti að, þurfti að kasta af sér vatni sko, þá, þá sagði ha, stansaði hann á mel og lét karlana vera öðru megin og konurnar hinum megin og lét, og og ók svo í burtu þegar, þegar fólk var byrjað að pissa. Þetta er nú, er nú sennilega bara tilbúningur. En, en [hlær við] sagan hún he, eh hún hefur fallið í kramið og, og það er alltaf hlegið að henni.

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Nú það auðvitað sp, Ólafur Ketilsson er þjóðþekkt persóna og það spunnust auðvitað margar sögur af ferli hans, og, og ein af þeim er þessi se, sem að gengur nú um held ég fles, marga bílstjóra að, þegar hann stoppaði eftir langa ferð og sagði fólki að fara út að pissa og, karlarnir öðrum megin og

konurnar hinum megin og þegar að allir voru svo byrjaðir á því að þá keyrði hann áfram. En þessi saga er nú sögð um fleiri heldur en Ólaf.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Svo er ein saga af Ólafi þarna, já. Svo er það saga um tilurð bæjarins Bitru sem að er í Flóanum á leiðinni við hringveginn á [ee] vinstri hönd, rétt áður en maður kemur að Þjórsárbrúnni, skömmu áður, heitir Bitra. Og sagan segir að, að nafnið sé tilkomið þannig að, að tveir Austfirðingar hafi [ee], að Austfirðingar hafi byggt þetta, þennan bæ. Og það var þarna karl með sonum sínum að ákveða hvar þeir ættu að haf, að byggja bæinn. Og svo finnur karl þarna eitthvað bæjarstæði, nokkuð gott, en þá hleypur strákurinn upp á hólinn og segir: „Pabbi, hér er Bitra.“ Hann var nefnilega Austfirðingur og hljóðvilltur. Og þannig er nafnið tilkomið á bænum Bitru þarna í Flóanum. Svo var það einhvern tíma að Ólafur Ketilsson var, var að keyra ferðahóp austur Flóann og, og þá er það einver sem spyr: „Ólafur, veistu hvað þessi bær heitir?“ „Hann heitir Bietra.“ [hermir eftir Ólafi, bæði tón og flámælg], að þá var spurt: „Beta en hvað?“ Og þá var eiginlega komið rétta nafnið á bæinn.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Svo er það [ræskir sig], er það hérna, segir sagan að þegar að Viðlagasjóður var byggður, stofnaður [ee] í tilefni af eldgosinu í Vestmannaeyjum, að þá var þessi sjóður, Viðlagasjóður, stofnaður til þess að [ee] mæta óhöppum vegna náttúruhamfara. Og þeir sem urðu fyrir náttúruhamförum og verða fyrir, þeir geta sótt úr, um styrk úr þessum sjóði. Og fyrsta umsóknin sem barst Viðlagasjóði var frá Ólafi Ketilssyni. Hann var að biðja um, um styrk vegna barneignar Barkar sonar síns, því hann vissi ekki hvað væri náttúruhamfarir, ef það væru ekki barneignir Barkar.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Og það var nú sagt að síðustu árin þá hefði Ólafur keyrt þannig, að hann var með trefilinn bundinn um annað hnéd og snærisspotta um hitt hnéd, til þess að geta farið að, af bensíngjöfinni á kúplinguna eða stigið á bremsuna.

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Það er nú fræg saga náttúrulega um það að hann hafði verið með [ee] sn, snæri á, bundið snæri um tána, til þess að geta flutt, flutt fótinn af bensíngjöfinni og yfir á, á, á bremsuna. Og ann, annað þess háttar sko. En [ee] einhvern veginn þá fann ég aldrei til þess að ég væri hjá, annars en ég væri hjá alveg fullkomlega öruggum, öruggum bílstjóra. Þannig held ég að um flesta hafi farið.

DÓRA INGVARSDÓTTIR: Svo að lokum, þá vissi ég að Ólafur hafði verið kærður þegar hann ók um, með, á hækjunum, hann var með band í þeim, og ég vissi að það var einhver erlendur ferðamaður alveg rosalega hræddur. Og hann var kærður og settur í próf, en hann stóðst öll þessi próf.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Nú það er eitt sem var merkilegt við Ólaf, hann var hérna, hann var skal ég segja ykkur með hérna [ee] kúlu á höfðinu. Hann var nú sköllóttur og stóð upp úr höfðinu hérna, svona beinæxli. Og þegar að dóttir hans sem var búsett í Bandaríkjunum um tíma bjó þar, þá notaði Ólafur tækifærið og fór til Ameríku og fékk þetta æxli fjarlæggt af höfðinu, því það var ekki hægt að gera það hér á landi þá. Þegar að æxlið var farið, þá fóru bændur í Laugardal einhvern tíma á Þorablóti að tala um, þá var nú Ólafur nýbúinn að missa æxlið af höfðinu, og menn fóru að tala um það hvernig á þessu stæði að hann hefði verið með þetta æxli. Þá sagði Ólafur þá sögu að þegar hann var ungur maður að grafa Flóaáveituna, það var, þeir skurðir voru allir handgrafnir þá, að þá var hann með, að grafa þarna grjót þarna í botninum á skurðinum, og hann var nú nokkuð djúpur, og þá féll grjót ofan af bakkanum og niður í skurðinn og Ólafur bjargaði lífi sínu með því að geta rekið járnkarlinn, sem hann var með, upp yfir höfuð sér, en samt lenti þarna hluti af steininum á höfðinu og við það kom þetta æxli já, eða beinæxli á höfuðið á honum. Og þá varð einum bóndanum að orði: „Já, nú var þetta svoleiðis? Ég hélt alltaf að þetta væri aukaheili fyrir vegamál.“

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Ýmsar sögur hafa gengið um Ólaf Ketilsson. Hann er náttúrulega fæddur og uppallinn á Skeiðunum, Álfstöðum. Og ein af þeim sögum sem maður heyrði var sú, að þegar hann var að grafa þar Flóaáveituna, eða vinna í því, þá hafi hrunið grjót ofan á hann og hann hafi lent eiginlega undir því og, og járnkarl hafi legið þversum yfir lærið á honum og grjótið þar ofan á, járnkarlinn bognaði á lærinu, en Ólafur stóð upp alheill.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Ólafur var hérna, já sem dæmi um það, að, að, að hérna heimamenn voru í fyrsta flokki hjá honum, er að, að það var lengi sem að vegurinn náði ekki nema að, inn að Miðdal, og, og hérna svon, vel akfær vegur, og svo er hann náttúrulega mun verri eftir það og hann, lá nú svona slóðin að Efstadal. Og einhvern tímann var hérna Ólafur spurður að því hvort hann færi lengra en að Miðdal, einhverja ákveðna ferð, það var fólk sem var að fara upp að Efstadal, s, svona gestir úr Reykjavík

og Ólafur þekkti ekkert sérstaklega vel, og Ólafur svaraði: „Já, ég fer alla leið ef það er fólk.“ Svo hérna, svo fólkíð fer í góðri trú [hlær við], kaupir miða og fer með Ólafi, hann rekur það allt út úr rútunni við Miðdal og það mátti ganga þaðan og upp að Efstadal sem er 13 kílómetrar. Svo næstu ferð á eftir, þá var hérna stúlka úr Laugardal sem var frá Laugardalshólum, ein frá eft, frá Laugarvatni, og hann keyrði hana alla leið austur að Hólum, því hún var fólk sko [hlær við]. Þetta er gott dæmi um það hérna, hvað hann lagði mikla áherslu á sína viðskiptavini.

EINAR GÍSLASON: Og kannski ég byrji hérna á ferðinni austur að Laugarvatni forðum daga þegar að Hellsheiði og, og Þrengsli voru ófær og var farin svokölluð Krýsuvíkurlíð. Í Krýsuvík var töluverður snjór og þar festir Ólafur bílinn, mjög illa, og fer til, er lengi úti að moka hann og reyna koma honum af stað og setja keðjur undir, kemur inn í bílinn kaldur og rakur og [ee] þá kemur til hans farþegi sem sat aftur í og réttir honum koníakspela og segir: „Veitir þér nokkuð af því að hressa þig aðeins Ólafur?“ „Takk fyrir.“ [hermir eftir] Tók við pelanum, drakk ofan í hann hálfan og sagði: „Ég þigg seinni sopann seinna“ [hermir eftir] [ee] „Ég sé [ee] já, [ee] ég þigg restina seinna.“

EINAR GÍSLASON: Nú, [ræskir sig], einhvern tímann sem oftast var hann með mér í bíl austur að Laugarvatni, og [ee], sem farþegi, og þegar við komum á hlaðið hjá Héraðsskólanum, þá komu krakkarnir úr skólanum hlaupandi, að athuga með sína pakka, og vissu að ég þekkti þau flest með na, nafni svo þau sögðu: „Á ég pakka?“ „Er pakki merktur mér?“ „Er pakki til mín?“ Og áður en ég gat svarað þessu, heyrðist í þeim gamla: „Enginn pakki merktur ég, mér eða mín.“ [hermir eftir]

EINAR GÍSLASON: Nú [ræskir sig] um svipað leyti vorum við að fara austur, á nýjum bíl, þetta hefur verið haustið 67, þá fékk hann nýja rútu. Og þar sem að hægri breytingin var í aðsigi, þá fékk hann að láta setja í hana hurðina, á hana hægra megin, þó að ekki væri búið að breyta. Meðan við vorum að troða, [sýpur á] troða í bílinn töskunum, þá æðir þarna stúlka fram og aftur meðfram allri vinstri hliðinni og segir, hrópar upp yfir sig: „Hvar er gengið inn í þennan bíl eiginlega?“ „Inn um dyrnar“ [hermir eftir], sagði Ólafur.

EINAR GÍSLASON: Nú [ræskir sig] ég veit nú ekki um sannleiksgildi þeirrar sögu sem ég ætla að segja núna. Það var þegar að verkfall varð, það var löngu löngu áður en ég byrjaði að keyra hjá honum. Þá biðu þeir eftir honum verkfallsverðir við Minni Borg í Grímsnesi, og ee vildu fá að leita. Og Ólafur sagði að þeir mættu leita alls staðar nema á toppnum. Og það varð náttúrulega til þess að þeir fóru beint upp á topp, en, á þakið á bílnum, en þá ók Ólafur af stað, og það var norðansteytingur og gaddfrost og hann keyrði yfir að Al,Alviðru og stoppaði þar og fór út og sagði: „Hafiði fundið eitthvað?“ [hermir eftir]

EINAR GÍSLASON: ... Alli Köttur, þeir voru, já alveg rétt. Þannig var að hann var frá Minnib, frá B, frá herna, frááá [ee] Bj, Bjarg, þessi karl, Bjargi í Grímsnesi, og hann er tvö sumur með Ólafi, fer til læknis og hann segir: „Ef ég hrekk upp af, þá ee verður þú að keyra mig til baka, og enginn annar.“ Svo deyr karlinn fyrir sunnan og [kemur að því], og Ólafur fer að taka kistuna austur, og Ólafur var nú svona, já, já og segir: „Allt í lagi með það.“ [ee] en ég held að þetta hafi verið köttur, ég er nú ekki alveg viss, [ee] gekk undir því nafni, að hann var á annarri rútu þarna og líka á leiðinni austur og það var pláss hjá honum fyrir kistuna, en ekki hjá Ólafi og herna og Alla þótti nú þetta ekki sniðugt og sagði: „Sko, þú varst búinn að lofa honum að keyra hann heim.“ „Já, það, það breytir engu“ [hermir eftir] sagði Ólafur. En svo er, verð ég langt á undan þér kannski, því að þa, þarna austur, segir þá Alli. „Ja, það er allt í lagi, settu hann þá bara á brúsapallinn, ég tek hann þá og keyri hann síðasta spottann.“ „Já, en er það ekki óviðeigandi“ segir Ólafur [hér hefur viðmælandi eflaust ætlað að segja Alli]. „Ekki hleypur hann.“ [hermir eftir]

KRISTINN KRISTMUNDSSON: Nú [ee] þekki ég líka söguna um það þegar bílstjóri var hjá honum, Karl Magnússon minnir mig að hann hafi heitið. Og [ee] hann [ee] ók, ók öðrum, öðrum bíl og átti að fara upp í Biskupstungur, en Ólafur ætlaði sjálfur upp í Laugardal á öðrum bíl og [ee], og það stóð þannig af sér að [ee] sá fyrrnefndi, sko Karl, [ee] hann átti að taka lík með, lík, lík, sumir segja líkkistu og sumir segja bara lík af, af manni ókistulagt. Það, sagan [ee] hefur gengið í ýmsum útgáfum sko. Og, og [ee] sagan var sú að, að Ólafur bað þennan bílstjóra að skilja líkið bara eftir á Svínavatni, við vegamótin upp að Laugarvatni. Og hinn var svolítið vandræðalegur og sagði: „É [ee], finnst þér það nú viðeigandi, skilja lík eftir þar?“ „Og heldurðu að hann hlaupi?“, var svarið hjá Ólafi. Og þessi saga var sögð aftur og aftur og aftur og aftur.

KJARTAN HELGASON: Allir þekkjá nú, hafa nú heyrt söguna með líkkistuna, sem hann skildi eftir á brúsapallinum, sem hann flutti austur, það var fundið að því við hann, að að hann [ee] ekki nógu svona mikil nærgætni að skilja lík af manni eftir, þó í kistu væri, á brúsapalli. En Ólafur sagði: „O, ætli hann hlaupi langt?“

HANNES JOHNSEN: J, ég heiti Hannes Johnsen og ég ætla að segja hérna [ee] endursegja sögu sem ég heyrði einu sinni á leiðinni upp í Árnassýslu og hún er um Ólaf Ketilsson og hún er sú að Ólafur Ketilsson var einhvern tímann á leiðinni þarna upp eftir með á rútu og var með lí, líkkistu í bílnum hjá sér, átti að koma henni á einhvern vissan sveitabæ sem ég vissi nú ekkert hver var, og segir ekkert meira af því, þarna og þegar að kemur að þeim bæ, þá tekur hann kistuna úr bílnum og setur hana á brúsapallinn fyrir utan. Nú, einhver farþegi í bílnum fer að skipta sér af þessu og segir við Ólaf: „Bíddu nú við, [ee] þú getur nú ekki skilið kistuna eftir þarna bara eins og hvert annað viðundur.“ Ja, þá segir Ólafur: „Það er ekki eins og hún fari langt.“

DÓRA INGVARSDÓTTIR: En svo er mér, var mér sagt hérna, ein saga, sérkennileg saga, sagan um kistuna. Einu sinni flutti Ólafur lík í líkkistu austur í sveit. Margir farþegar voru í rútu svo kistan var bundin upp á þak, bílsins. Þegar var komið á þann stað sem skilja átti kistuna eftir, ég held að það hafi verið í Grímsnesinu, og það var enginn sem var að taka á móti henni. Þá biður Ólafur tvo unga pílta að hjálpa sér við að setja kistuna niður. Drengirnir urðu vel við því, en þeim var mjög brugðið þegar þeir áttu sig á að það er lík í kistunni. Þá segir Ólafur að bragði: „Hreyfði hún sig?“

EINAR GÍSLASON: Svo það, þetta var allt svona sko og. Og einhvern tímann voru þessir sömu félagar, þeir töluðust ekki við í lengri tíma, þessi Alli köttur og Ólafur.

JÓN KRISTJÁN JOHNSEN: Já.

EINAR GÍSLASON: Svo ss, þeir sendu, þeir sendu hvor öðrum bréf. Svo skeður það að það sýður á bílnum hjá Ólafi ... og [ee] Alli stoppar,

JÓN KRISTJÁN JOHNSEN: Já.

sér hvað er að ske, og [ee] tekur upp vasaklút og snýtir sér. Þá greip Ólafur í klútinn, reif hann af honum og setti hann á lokið til þess að geta skrúfað það af, sjóðandi heitt lokið. Þá greip Alli hufuna af Ólafi og snýtti sér í hana í staðinn. ... [hlær við] Svona voru þessir karlar.

GUÐMUNDUR RAFNAR VALTÝSSON: Nú [ee] Ólafur [ee] var mikill [ee] var góður á skautum, hafði alist upp við það sjálfsagt á Skeiðunum að skauta þar á tjörnunum. Einu sinni var ungur drengur á Laugarvatni að, á skautum við, á vatninu og þá kemur Ólafur og [ee] bregður á sig skautum og, og þeir veðja um það [ee] að ef að [ee] strákurinn vinni hann í skautahlaupi, kapphlaupi á skautum þá megi hann fá frítt til Reykjavíkur. Þeir leggja af stað, strákurinn á undan og Ólafur á eftir. Svo fer strákurinn eitthvað að gá að því hvar Ólafur sé og lítur aftur en við það hægði svona aðeins á honum og, og þar með renndi Ólafur sér fram úr honum og vann þetta hlaup.

KJARTAN HELGASON: Sjálfstæðisflokkurinn var [ee] með samkvæmi í Aratungu og Ólafur Ketilsson [ee] var þar bílstjóri fyrir einhvern hóp. Þar var veisla og grautur á eftir, sveskjugrautur. Allt í einu heyrðist í Ólafi, já og þá var formaður Sjálfstæðisflokksins Þorsteinn Pálsson. Allt í einu stóð Ólafur upp og sagði: „Skál fyrir steina.“ Og það hrópaði allur salurinn og sagði: „Skál fyrir steina.“, og skálaði fyrir Steina. Enn, enn endurtekur Ólafur þetta aftur og, og salurinn stendur upp og segir: „Skál fyrir steina.“, en það var svona ekki af eins miklum krafti og í fyrra skiptið. Í þriðja sinn stendur Ólafur með þjósti og segir: „Er ekki hægt að fá skál fyrir sveskjusteina?“ [leikur Ólaf]

KJARTAN HELGASON: Og í mínu ungdæmi og hér áður fyrr þurfti ekki að vera með neina kynfræðslu. Og þegar að ákveðið var að taka upp kynfræðslu í skólum, þá hneykslaðist Ólafur mjög á því, fólk til sveita vissi hvernig þetta færi fram, en ef þetta væri fyrir kaupstaðabúana, þá væri ekkert annað en að fylla eina rútu og keyra hana austur í sveit og sleppa þeim í girðingu þar sem graðhestar og merar væru, þá vissu allir um hverninn, hverninn, hvernig mannkynið fjölgar sér.

BÖÐVAR MAGNÚSSON: Nú, Ólafur var hérna, var [ee] var náttúrulega mikill eldhugi þegar hann var að keyra vegna skólabygginganna á Laugarvatni í upphafi, þarna 1928, og þá var, má segja að hafi verið alveg veglaust þarna upp í Laugardal, ekkert nema svona hestakerruslóðir og mikið um keldur og fúafen. Og þessa, þessa leið keyrði Ólafur og komst alltaf með allan farangur sem að þurfti að flytja þarna upp í uppsveitirnar, alltaf kom hann þeim á réttan stað. Og svo náttúrulega er hérna, mjög snjópungt þarna, bæði var nú snjóþyngra á þessum árum og eins þegar að vegur er

svona niðurgrafinn, þá þarf nú ekki að snjóa mikið til þess að það verði kolófært, og það var sagt að Ólafur hefði alltaf margar skóflur í bílnum og það urðu alltaf allir að fara út og moka þegar að bíllinn stoppaði og þannig komst hann oftast nær upp að Laugarvatni. Einhvern tíma þá var Jónas Jónsson með honum og, ráðherra, sem er nú faðir skólanna þarna á Laugarvatni, og, þe, svo þegar að Ólafur stoppar þarna við fyrsta skaflinn, þá útdeilir hann skóflunum og rétti Jónasi eina skófluna og sagði: „Hér verða allir að moka.“

KJARTAN HELGASON: Einu sinni var Ólafur að flytja vörur að Héraðsskólanum að Laugarvatni og, og ráðherra einn var þá með honum sem farþegi. Þá voru vegleysur og menn festust og annað. Það þurfti að afferma bíl og setja á aftur. Jónas Jónsson ráðherra var þar með í ferð, með hendur í vösum og með hatt. Ólafur skipaði honum að rétta sér gærupokann upp á, upp á hérna topp á b, rúttunni: „Hér verða allir að vinna.“, sagði Ólafur.

KJARTAN HELGASON: Persónulegar sögur get ég nú ekki sagt af Ólafi, en [ee] persónulega gagnvart mér, þá skammaði hann mig einu sinni og það illilega. Það var þannig mál með vexti að ég var að fara með afurðir niður á Þjóðveg og hitta Ólaf og þetta var silungur úr Apavatni. Það var brúsapallur á veginum og, á ve, á vegkanti og, og þar stoppar maður yfirleitt, en þar var Ól, það voru oft slappar bremsurnar á bílnum hjá Ólafi Ketilssyni, hann vildi stíga tvisvar á bremsuna áður en þær færu að virka, svona pumpa, sem kallað var. Og hann nær ekki alveg að stoppa við brúsapallinn, það voru svona tíu metrar frá pallinum og, og, og þar sem bíllinn minn stóð og útí, út í rútu og ég vil taka það fram að ég var próflaus þarna. Ég stekk inn í bíl og bakka bílnum mínum að skottinu á rútu Ólafs. Þá varð ég fyrir miklum skömmum: „Meiri óskaparletin sem getur hrjád unga menn.“ Ég sagðist vera að nota mér þægindin og tæknina og bakkað þarna að. „Já, það á að nota þaug, en það á ekki að misnota þau.“

STEFANÍA RAGNHEIÐUR PÁLSDÓTTIR: Ég var að leika með Biskupstungnafélaginu í Reykjavík 1953, þá æfðum við leikrit sem hét Happið, og fórum með það austur á [Vatns]leysu til að leika það fyrir Biskupstungnamenn. Og það [ee] Ólafur Ketilsson var fenginn til þess að keyra mannskapinn. Og ferðin austur gekk bara alveg ágætlega og ekkert sögulegt við það á neinn hátt. Svo lukum við okkar verkefni þarna, að leika leikritið. Og það var alltaf hafður ball, böll á eftir svona

leikritum í gamla daga [ee] og svo [ee], þetta er 1953, og ég man ekki nema hvort að böllin voru ekki bara til eitt um nóttina, ég er helst á því, og svo fórum við að fórum [ee] við heim [ee] með Ólafi Ketilssyni til Reykjavíkur, hann keyrði okkur suður aftur, og þá þegar við komum að, [ee] hann keyrði afskaplega hægt, og þegar við komum á Brúará, þá er hann næstum stopp bíllinn, en keyrir samt [ee] mjög hægt út á brúna, út á miðja brúna. Á miðri brúnni stoppar hann, og þar bara drepur hann á bílnum og eh mér líst ekkert á þetta og segi: „[eh] Hva, hvað er um að vera?“ Og þá er hann bara að leggja sig! Og þá fóru nú strákar sem voru með okkur að athuga þetta við karlinn. Þá var hann bara syfjaður og ætlaði að leggja sig þarna á brúnni, ákkúrat á miðri brúnni yfir Brúará. Svo þeir fengu hann nú til að halda áfram og við komum bara heim svona klukkan sex eða sjö um morguninn. Hann var svona lengi á leiðinni til Reykjavíkur.

[hlátur]
